



Völvuspá 2021



Völvan horfir út á hafið og spáir fyrir um næsta ár. „Þetta verður ekki auðvelt ár en það verður gott í stóra samhenginu. Miklar breytingar en það er ljós og það er vilji hjá fólkinu.“

– sjá síðu 43

Zonnic

NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVÆMUR KOSTUR
TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



zonnic® TAKTU STJÓRNINA!

Zonnic peppermint munnhólsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sígarettar væri venjulega reyktar eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnhólsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Nicotinum AB. NIC201204 – Desember 2020.



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR

á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær



Guðni Th. Jóhannesson hlaut endurkjör á árinu sem einkenndist af baráttunni við kórónuveiruna alræmdu.

MYND/SIGTRYGGUR ARI

Erla Dóra
Magnúsdóttir
erladora@dv.is
Heimir
Hannesson
heimir@dv.is



Janúar

Náttúran lét vita af sér í ársbyrjun og hringdi inn nýtt ár með nokkrum stæðilegum lægðum með tilheyrandi óveðri. Veðurstofa Íslands gaf út gular viðvaranir og jafnvel appelsínugular svo almenningur væri meðvitadur um hvenær og hvar búast mætti við versta veðrinu. Því vakti það reiði í samfélaginu þegar fregnir bárust af fjörtíu ferðamönnum sem voru komnir í hrakninga á Langjökli í ársbyrjun, eftir að fyrirtækið Mountaineers of Iceland virti veðurviðvaranir að vettugi og hélt í vélsleðaferð í stormi. Kalla þurfti út björgunarsveitir og tóku um þrjú hundruð manns þátt í björgunaraðgerðum. Hópurinn komst heilu og höldnu aftur til byggða, en margir voru andlega miður sín.

Háski og hættur

Stjórn málin á árinu mótuðust auðvitað eins og allt annað af náttúruhamförum hvers konar. Snjóflóð, skriður og veirufaraldur settu svip sinn á stjórn málin rétt eins og allt annað. En þetta var ekki að sjá á stemningunni í íslenskum stjórn máli í ársbyrjun. Strax í janúar lá fyrir að kosið yrði til forseta á árinu. Kom

ANNÁLL

Nú árið er liðið í aldanna skaut en seint mun það renna úr minni. Árið sem einkenndist af duttlungum náttúrunnar og stærsta faraldri þúsaldarinnar.

Stjórn málin á árinu mótuðust auðvitað eins og allt annað af náttúruhamförum hvers konar.

Það þá fáum á óvart að Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, skyldi nota nýársávarp sitt til þess að tilkynna að hann hygðist gefa kost á sér til endurkjörs: „Því ræður auðna en segja má tímabært og tilhlýðilegt að lýsa því nú yfir að ég hyggt gefa kost á mér til frekari setu hér á Bessastöðum.“ Guðni hafði enda áður lýst því yfir að hann myndi ekki láta eitt kjörtímabil sér nægja.

Í baksýnisspeglinum er margt merkilegt í nýársávarpi forsetans: „Og við höfum reynt sitthvað saman. Hér hefur verið harðbýlt, sjósókn hættusöm og á landi hefur vá leynst víða, skriðuföll og snjóflóð, jarðskjálftar og jarðeldar, hvers kyns háski og hættur. Nú búa flestir landsmenn í borg og bæ, en þjóðarímynd okkar hefur mótast af náinni sambúð við náttúruna og hennar mikla afl. [...] Blessunarlega hafa hamfarir af þessu tagi ekki dunið yfir á nýrri öld. Varnargarðar voru reistir, viðbúnaður aukinn víða. Og blessunarlega hefur okkur jafnan tekist að bregðast við áföllum, læra af biturri reynslu. Í landi elds og ísa varðar miklu að vera við öllu búinn.“

Aðeins örfáum dögum síðar skall mikið snjóflóð á varnargarðana ofan við Flateyri, þó með þeim afleiðingum að eitt hús varð fyrir flóðinu þar sem ung stúlka grófst undir. „Átti ekki að geta gerst“ hermdu fyrirsgnir blaðanna daginn eftir. Stúlkan fannst heil á húfi eftir um 40

32 ára hress gaur vill hitta
góða konu. Bráðum kemur
nefnilega að því að maður
vill geta notið lífsins eins og
áður og allir vita að frelsið
er ekki alltaf auðfengið.
Hafðu samband ef við erum
sammála um það. xxx

nánar

á einkamál.is



Nýtt og hraustlegt ár!

TRACE MINERALS FREYÐITÖFLURNAR ERU HREINAR, ÖFLUGAR OG EINSTAKLEGA BRAGÐGÓÐAR



Max Hydrate endurance – fyrir betra jafnvægi og úthald

Freyðitöflur fyrir alla sem drekka ekki nægan vökva eða vantar steinefni. Margir hópar þurfa að huga að því, íþróttafólk, eldri borgarar, þeir sem svitna mikið (til dæmis konur á breytingaskeiði), þeir sem eru í hita eða þurru lofti. Allir sem fá kvef, flensu, hita eða niðurgang þurfa að fá steinefnasölt.

Max Hydrate energy – fyrir orku, kraft og úthald

Með koffíni úr grænu te
Freyðitöflur sem innihalda steinefnasölt og vinna að betra vökvajafnvægi líkamans. Það er algengt vandamál að það jafnvægi raskist, en einkennin geta til dæmis verið svimi, þreyta, einbeitingarskortur, vöðvakrampar og depurð. Dagurinn byrjar með Max Hydrate Energy!

Magnesium – fyrir slökun og ró

Tvær bragðtegundir
Allir þurfa magnésíum og talið er að um 75% fólks fái ekki nóg úr fæðunni. Þá er gott og gómsætt ráð að taka það inn í formi freyðitafla. Nauðsyn fyrir góða slökun, svefn, andlegt jafnvægi og vinnur gegn sinadráttum og fótaóeirð.

Collagen með C vítamíni – fyrir unglegri húð

Trace Minerals eru engar venjulegar kollagen töflur því þær innihalda líka 500mg C vítamín sem stuðlar að því að líkaminn myndar einnig sjálfur meira kollagen. Tvöfaldur ávinningur fyrir fallegri, sterkari og unglegri húð.



ÚTSÖLUSTADIR:



HAGKAUP



Apótekarinn



www.numereitt.is/trace-minerals

Hreint loft betri heilsa

– góð jólagjöf

Honeywell gæða lofthreinsitæki

Loftmengun er hættuleg heilsu og lífsgæðum. Honeywell lofthreinsitæki eru góð við myglugróum, bakteríum, frjókornum, svifryki, lykt og fjarlægir allt að 99,97% af ofnæmisvaldandi efnum.



HA010E hægt að þvo síuna. Verð kr. 16.890



HFD323E Air Genius 5. Hreinsar allt að 99.9% af óhreinindum. Hægt að þvo síuna. Verð kr. 37.560



HPA710WE HEPA sía, gróf sía, kola sía, ION kerfi. Hreinsar allt að 99.97% af óhreinindum. Hljóðlát stilling. Verð kr. 59.100

Láttu þér og þínum líða vel - innandyra

Honeywell



Vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is

GLEÐILEGT NÝTT ÁR



DV ÓSKAR LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRAR HÁTÍÐAR OG GÆFURÍKS ÁRS

Við þökkum lesturinn á árinu og vonumst til að eiga fleiri stundir með þér á næsta ári. Við höldum áfram að færa þér fréttir alla 365 daga ársins og drögum ekkert undan.

TAKK FYRIR OKKUR



Þessi kvöddu á árinu

Margt svipmikið samferðafólk kvaddi þessa jarðvist á árinu sem er að líða. Sorginni blandast góðar minningar og margir tjáðu sig um eftirminnileg kynni og samleið.



Gísli Rúnar var sannkölluð þjóðargersemi.

MYND/GVA

PRÖSTUR INGIMARSSON

Pröstur Ingimarsson andaðist á Sjúkrahúsinu í Keflavík, fimmtudaginn 19. nóvember, 57 ára gamall, en banamein hans var krabbamein. Pröstur er fæddur og uppalinn í Reykjavík en bjó síðustu æviárin í Höfnum ásamt eftirlifandi eiginkonu sinni, Elínborgu Steinunnardóttur. Pröstur lætur eftir sig eina dóttur, Ingiþöngu Sunnu Prastardóttur, og stjúpson, Agnar Dofra Stefáns-son. Þá lætur Pröstur eftir sig tvö barnabörn. Pröstur starfaði sem gæslumaður á réttar- og öryggisgeðdeild. Hann var margfaldur Íslandsmeistari í pilukasti og landsliðsmaður í bridge til margra ára.

EIRÍKUR BRYNJÓLFSSON

Eiríkur Brynjólfsson, rithöfundur, þýðandi og kennari, lést seint í ágúst mánuði, 69 ára að aldri, eftir stutta en snarpa baráttu við illvígán sjúkdóm. Eiríkur á fjölbreyttan og merkan feril að baki sem kennari, kennslustjóri, rithöfundur og þýðandi með meiru. Hann sendi frá sér smásagnasöfn og ljóðabækur auk þýðinga á erlendum skáldsögum. Skáldskapur Eiríks ber meðal annars vitni um orðheppni og djúpan málskilning.

Hann var foringi Hins íslenska glæpafélags frá árinu 2007. Það er félag rithöfunda og áhugamanna um glæpasögur. Félagið hefur starfað ötullega að vexti og viðgangi glæpasagnaritunar, meðal annars með verðlaunum og upplesturum.

SÖLVI JÓNSSON

Sölvi Jónsson lést fyrir aldur fram í febrúar, 44 ára að aldri. Hann var sérstæður tónlistarmaður, skáld og hugsjónamaður. Síðustu árin þjáðist Sölvi mjög af verkjum í kjölfar hnjáaþgerðar. Hann leitaði sér lækninga af ákafa og en svo fór að hann þoldi ekki lengur ástandið og sá aðeins eina leið út. Veikindi hans og vonlaus leit að bata komu nokkuð við sögu í minningargreinum um Sölva.



Raggi söng fram á síðasta dag.

MYND/VALLI

RAGNAR BJARNASON

Ragnar Bjarnason, einn ástsælasti dægurlagasöngvari þjóðarinnar, lést 26. febrúar. Hann var 85 ára. Óhætt er að segja að Ragnar hafi verið einn þekktasti og vinsælasti tónlistarmaður landsins. Hann var sæmdur fálkaorðunni árið 2005 og hlaut heiðurslaun listamanna árið 2019.

KARL BERNDSEN

Karl Berndsen, hárgreiðslumeistari og sjónvarpsstjarna, lést seint í janúar, 55 ára að aldri. Hann hafði barist við krabbamein frá árinu 2013. Karl var landsþekktur fyrir að aðstoða fólk við að breyta útliti sínu til hins betra. Naut hann mikilla vinsælda fyrir framgöngu sína í fjölmiðlum og tiskuvitund sína.

JÓN EGILL SVEINSSON

Jón Egill Sveinsson lést á afmælisdaginn sinn, þann 27. ágúst síðastliðinn, 97 ára gamall. Það þykir háraldur en langlífi er í ætt Jóns, móðir hans, Sigríður Fanneý Jónsdóttir, varð 104 ára gömul. Jón Egill fæddist að Egilsstöðum þann 27. ágúst árið 1923. Hann bjó þar mestan hluta ævi sinnar en námsárum varði hann í Winnipeg í Kanada og Bandaríkjunum. Einnig bjó hann um skeið að námi loknu í Reykjavík.

Jón Egill lærði flug í Kanada og flugvirkjun í Bandaríkjunum. Að námi loknu starfaði hann um skeið hjá Flugfélagi Íslands.

Árið 1948 var lykilár í lífi hans því þá ákvað hann að flytja austur á æskustöðvarnar og hefja búskap. Jafnframt giftist hann Mögnu Jóhönnu Gunnarsdóttur, frá Beinárgerði á Völlum. Hún lést árið 2010. Jón Egill og Magna eignuðust sex syni.

JÓHANN HJÁLMARSSON

Jóhann Hjálmarsson, skáld og bókmenntagagnrýnandi, lést seint í nóvember, 81 árs að aldri. Hann var fæddur 2. júlí 1939 í Reykjavík. Hann starfaði lengi sem pósthústrúu og útibússtjóri hjá Póst- og símamálastofnun. Jóhann var árum saman ötull og vandaður bókmenntagagnrýnandi hjá Morgunblaðinu, einn sá þekktasti í þeirri stétt.

Jóhann var viðurkennt ljóðskáld sem sendi frá sér fjölda ljóðabóka. Einfaldur og opinn ritstíll þar sem blæbrigði hversdagsleikans nutu sín voru meðal einkenna á skáldskap hans. Ljóðabók Jóhanns, Hljóðleikar, var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2003. Jóhann var einnig afkastamikill ljóðapýðandi.

JÓN VALUR JENSSON

Þekktur þjóðfélagsrýnir og baráttumaður, Jón Valur Jensson, lést aðfaranótt sjötta janúar, sjötugur að aldri. Jón Valur var lærður guðfræðingur, starfaði um tíma sem prófarkalesari á Morgunblaðinu, var ötull ættfræðigrúskari, ljóðskáld og landsþekktur fyrir þátttöku sína í þjóðmálaumræðunni. Jón Valur var

talsmaður kristinna og íhaldssamra gilda, andstæðingur Evrópusambandsins og með sterka þjóðernistaug. Hann tjáði sig í rituðu máli, í símatímum útvarpsstöðvarinnar Útvarp Saga og á mótæðingum á Austurvelli. Skrif sín birtu Jón Valur gjarnan á Moggablogginu.

GÍSLI RÚNAR JÓNSSON

Hinn þjóðþekkti leikari, grínisti, handritshöfundur og þýðandi, Gísli Rúnar Jónsson, lést seint í júlí, 67 ára að aldri. Gísli Rúnar vakti líklega fyrst athygli sem annar leikaranna í grínþáttunum Kaffibrúsakarlarnir frá fyrri hluta áttunda áratugar síðustu aldar. Einnig grínadist hann með Halla og Ladda á metsöluþötu þeirra „Látum sem ekkert C“.

Gísli var þekktur leikari og lék í fjölmörgum kvikmyndum, meðal

annars hinni sígildu gamanmynd „Stella í orlofi“, þar sem hann gerði persónu Antons ódauðleg skil. Einnig var hann atkvæðamikill leikhúsmáður en síðast en ekki síst var hann öflugur þýðandi, einkum á leikverkum.

Sem handritshöfundur, leikari og leikstjóri kom Gísli að gerð margra Áramótaskaupa auk gamanþáttanna „Fastir liðir eins og venjulega“ og „Heilsubælið í Gervahverfi“.

RÓBERT TRAUSTI ÁRNASON

Róbert Trausti Árnason, fyrrverandi sendiherra, lést á líknardeild Landspítalans þann 23. október síðastliðinn, 69 ára að aldri. Róbert Trausti fæddist í Reykjavík þann 24. apríl 1951, sonur Önnu Áslaugar Guðmundsdóttur og Árna Guðmundssonar.

Hann lauk stúdentsprófi frá MR árið 1973 og BA-prófi frá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands árið 1979. Hann lauk MA-prófi í stjórnmálafræði frá Queen's University í Kingston, Kanada, árið 1981.

Róbert Trausti starfaði sem upplýs-

ingafulltrúi hjá Atlantshafsbandalaginu í Brussel í Belgíu á árunum 1981 til 1986. Hann hóf síðan störf í utanríkisráðuneytinu og var skipaður sendiherra árið 1990. Árið 1996 var Róbert Trausti skipaður sendiherra Íslands í Danmörku og gegndi því starfi til ársins 1999 þegar hann tók við embætti forsetaritara. Róbert Trausti lét af því starfi í mars árið 2000 þegar hann varð forstjóri Keflavíkurverktaka.

Róbert Trausti var sæmdur stórkrossi Dannebrogssorðunnar árið 1996.



Alma lætur eftir sig þrjú börn og tvö stjúpbörn. MYND/ANTON BRINK

ALMA GEIRDAL

Alma Geirdal, ljósmyndari og uppistandari, lést þann 19. september eftir langa baráttu við krabbamein. Alma greindist með brjóstakrabbamein 38 ára gömul, öðlaðist bata um tíma, en meinið tók sig síðan upp að nýju.

JÓHANN TRAUSTASON

Jóhann Traustason, oftast kallaður Jói, lést þriðjudagsmorguninn 31. mars en hann var fæddur árið 1958. Jóhann var frá Ísafirði en hann var þekktastur fyrir baráttu sína við Bakkus þar sem hann hafði betur og átti edrúlf á síðustu æviárum. Jói starfaði mikið fyrir Samhjálp og sinnti meðal annars húsvardarstörfum og þrifum.



MYND/AÐSEND

RÓSA INGÓLFSDÓTTIR

Rósa Ingólfssdóttir lést þann 14. janúar, 72 ára að aldri. Rósa fangaði hug og hjórtu þjóðarinnar sem dagskrárþula Ríkissjónvarpsins á áttunda og níunda áratug síðustu aldar en hún sinnti fjölmörgum öðrum störfum sem vöktu athygli. Hún var afburðaleikkona, merkur lagasmíður, myndlistarkona og auglýsingateiknari.

DV ræddi við dóttur Rósu, Klöru Egilson, er greint var frá andláti Rósu. Þær voru mjög nánar en á dánarbedi Rósu áttu þær mægður eftirfarandi samtal: „Ég sagði við mömmu: Veistu það mamma, að sterkasta aflið í heiminum er ástin. Hún svaraði: Það er alveg rétt hjá þér. Ástin er öflugust alls, við sem erum elskuð, við deyjum aldrei í raun.“



MYND/SIGURJÓN RAGNAR

JÓNÍNA BENEDIKSDÓTTIR

Jónína Benediksdóttir, líkamsræktarfrömuður og athafnakona lést þann 16. desember. Hún var fædd þann 26. mars árið 1957. Varð hún bráðkvödd á heimili sínu í Hveragerði.

Jónína nam íþróttافرæði í Kanada og þegar heim var komið stofnaði hún eina fyrstu líkamsræktarstöðina á Íslandi. Jónína var áhugasöm um að kynna landsmönnum mikilvægi líkamsræktar og stóð meðal annars fyrir morgunleikfimi á Rás 1. Síðustu ár hefur hún staðið fyrir lífsbætandi heilsu meðferðum í Póllandi og nú síðast á Hótel Örk í Hveragerði. Jónína var þekkt fyrir brautryðjendastarf á sviði heilsuræktar og flutti fyrirlestra um heilsutengd málefni víða um heim.

GÍSLI GUNNARSSON

Gísli Gunnarsson, doktor í sagnfræði og prófessor við Háskóla Íslands, lést í byrjun apríl, 82 ára að aldri. Auk fræðistarfa lét Gísli mikið að sér kveða í pólitísku starfi og var virkur í Alþýðubandalaginu og Samfylkingunni. Gísli var fjölfróður og skemmtilegur samræðufélagi og síðustu árin var hann ötull á samfélagsmiðlum.

ALFREÐ ÞORSTEINSSON

Alfreð Þorsteinsson, sem lengi var borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og stjórnarformaður Orkuveitunnar, lést 28. maí, 76 ára að aldri. Alfreð var lengi formaður íþróttafélagsins Fram og starfaði mjög ötullega fyrir félagið. Dóttir Alfreðs er Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra.

ÞORMAR VIGNIR GUNNARSSON

Þormar Vignir Gunnarsson, ljósmyndari og trésmíður, varð bráðkvaddur að heimili sínu 12. nóvember síðastliðinn. Þormar var fæddur þann 30. september árið 1973 og kvaddi því í blóma lífsins. Þormar var vinnusamur maður, hafði trésmíði að lífifbrauði en starfaði líka ötullega að ljósmyndun, sem var ástríða hans. Hann vann til dæmis mikið fyrir DV og Morgunblaðið.




MYND/AÐEND



MYND/AÐSEND

KJARTAN LÁRUS PÁLSSON

Kjartan Lárus Pálsson, fararstjóri, blaðamaður og kylfingur, lést þann 3. apríl, áttæður að aldri. Kjartan var atkvæðamikill kylfingur og var um tíma liðsstjóri karlalandsliðsins í golfi.



Gissur hafði einstaka rödd. MYND/VILHELM GUNNARSSON

GISSUR SIGURÐSSON

Gissur Sigurðsson, fréttamaður til áratuga, lést þann 5. apríl en hann var fæddur árið 1947. Gissur starfaði á fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar í aldarfjórðung og þar áður á Ríkisútvarpinu. Hann þótti einstaklega fróður og líflegur fréttamaður.

SVEINN AÐALSTEINSSON

Sveinn Aðalsteinsson lést 9. nóvember 74 ára að aldri. Sveinn varð snemma gallharður sósíalisti sem fylldist vel með heimsmálunum og varð virkur í Alþýðubandalaginu. Árið 1979 var Sveinn aðstoðarmaður Svavars Gestssonar fjármálaráðherra og vann í fjármálaráðuneytinu til 1980. Árið 1987 var Sveinn ráðinn sem forstöðumaður innlendra og erlendra viðskipta hjá Alþýðubankanum og lyfti þar grettistaki á undraskömmum tíma. Sveinn tók einkaflugmannspróf, starfaði um tíma í fiskútflutningi, keyrði strætó, stofnaði skartripaverslun og ól upp 4 börn með eiginkonu sinni Sigrúnu Hermannsdóttur. Sveinn var gallharður náttúruverndarsinni og barðist gegn virkjunum allt sitt líf.

SVERRIR ÞÓR EINARSSON

Sverrir Þór Einarsson, sem þekktur var undir nafninu Sverrir tattoo, lést seint í júlí, 58 ára að aldri. Sverrir var afar þekktur húðflúrari og litríkur persónuleiki. Hann rak húðflúrstofuna Skinlist Tattoo ásamt eiginkonu sinni.

PÉTUR EINARSSON

Pétur Einarsson, fyrrverandi flugmálastjóri, lést 20. maí, 72 ára að aldri. Banamein hans var ólæknandi krabbamein, hvítblæði. Pétur var flugmálastjóri frá árunum 1983 til 1992. Hann var með réttindi sem héraðsdómsslögmaður, atvinnuflugmaður og húsasmíðameistari, og minni skipstjórnaréttindi. Pétur var lífskúntner og djúphugull maður. Eftir hann liggja nokkrar bækur. Pétur hélt úti síðunni Dagbók krabbameinsjúklings á Facebook, þar sem hann birti hugleiðingar sínar og deildi lífsreynslu sinni.



MYND/AÐSEND

JÓHANNA ERLINGSDÓTTIR

Jóhanna Erlingsdóttir lést 14. maí eftir 11 ára baráttu við krabbamein. Jóhanna var úr Reykhólasveit en bjó seinni árin í Kópavogi. Aðalstarf Jóhönnu var rekstur Dillonshúss í Árbæjarsafni en þar fékk sköpunar-

gleði hennar að njóta sín í matargerðinni. Auk þess málaði Jóhanna myndir og spilaði á harmonikkju. Jóhanna hafði sterkar skoðanir á þjóðmálum og stjórnmálum og réttlætiskennin var leiðarljós hennar.

Erlendar stjörnur sem féllu frá á árinu

Ef heimsfaraldurinn gerði þetta ár ekki nógu slæmt þá gerðu andlát stjarnanna það. Stjörnur sem kvöddu okkur á árinu voru margar, sumar þeirra fóru líka frá okkur alltof snemma.



MYND/AFP



MYND/GETTY



MYND/SWNS.COM



MYND/GETTY

SIR SEAN CONNERY

Skoski leikarinn Sir Sean Connery lést í svefni á Bahamaeyjum þann 31. október á þessu ári, 90 ára gamall. Sean Connery var hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt í James Bond myndunum en hann var fyrsti leikarinn sem lék njósnarann með einkennisnúmerið fræga, 007. Connery vann Óskarsverðlaun árið 1988 fyrir leik sinn í The Untouchables.

DIEGO MARADONA

Diego Maradona, ein skærasta knattspyrnugoðsögn allra tíma, lést í lok nóvember úr hjartaáfalli. Maradona var 60 ára að aldri en hann er af mörgum talinn vera besti knattspyrnumaður allra tíma. Maradona er hvað frægastur fyrir það sem kallað er „hönd guðs“, þegar hann skoraði með hendinni á HM árið 1986 en vann mótið það ár með Argentínu.

DAVID PROWSE

Þrátt fyrir að hafa leikið eitt stærsta hlutverk allra tíma þekktja fáir David Prowse í sjón. Prowse lék nefnilega Svarthöfða í fyrstu þremur Star Wars myndunum. Þá þekktja eflaust fáir röddina hans þar sem hans rödd var ekki notuð í myndunum. Leikarinn James Earl Jones ljáði Svarthöfða rödd sína. Andlit Prowse sást aldrei í Star Wars myndunum, ekki einu sinni þegar Svarthöfði tók hjálminn af sér. Þegar það gerðist var það leikarinn Sebastian Shaw sem fór í búninginn. Prowse var því einn frægasti en á sama tíma einn óþekktasti leikari allra tíma. Prowse var 85 ára þegar hann lést.

RUTH BADER GINSBURG

Ruth Bader Ginsburg var önnur konan í sögunni til þess að verma sæti í Hæstarétti Bandaríkjanna. Bill Clinton tilnefndi hana sem dómara í Hæstarétt árið 1993 en þá var hún orðin heimsfræg fyrir baráttu sína í þágu jafnréttis kynjanna. Ginsburg sat í Hæstarétti í tæpa þrjú áratugi en hún glímdi við krabbamein síðustu tvo áratugin. Þrátt fyrir það missti hún aldrei af málflutningi við réttinn. Ginsburg hafði betur gegn krabbameininu fimm sinnum en það reyndist þó vera banameinið þann 18. september. Hún var 87 ára gömul þegar hún lést.

KOBE BRYANT


Andlát körfuboltaþáttarinnar Kobe Bryant kom mörgum í opna skjöldu í byrjun árs. Kobe Bryant lést ásamt dóttur sinni, Gianna Bryant, í þrýluslysi þann 26. janúar. Kobe var einn besti körfubolta- maður allra tíma en hann vann NBA-deildina 5 sinnum með Los Angeles Lakers. Kobe var aðeins 41 ára gamall þegar hann lést og dóttir hans einungis 13 ára gömul. Kobe lætur eftir sig eiginkonu og þrjú dætur.



MYND/GETTY

NAYA RIVERA

Leikkonan Naya Rivera, sem var hvað þekktust fyrir leik sinn í Glæ-þáttunum vinsælu, lést í júlí. Hennar hafði verið saknað í nokkra daga eftir að fjögurra ára sonur hennar fannst yfirgefinn á litlum bát á stöðuvatni í Kaliforníu. Mæðginin fóru saman út á vatnið en hann kom einn til baka. Umfangsmikil leit að leikkonunni hófst en fljótlega gerðu yfirvöld sér grein fyrir því að hún myndi líklegast ekki á lífi. Lík hennar fannst að lokum en talið er að hún hafi nýtt alla sína krafta í að bjarga syni sínum frá drukknun. Rivera var einungis 33 ára þegar hún lést.



MYND/GETTY



MYND/CBS

JERRY STILLER

Gamanleikarinn Jerry Stiller lést af náttúrulegum orsökum í maí, þá 92 ára. Flestir kannast við Jerry úr gamanþáttunum Seinfeld en þar fór hann með hlutverk Frank Constanza. Árið 1997 var hann tilnefndur til Emmy-verðlaunanna fyrir leik sinn í þáttunum. Leikarinn Ben Stiller, sonur Jerry Stiller, minntist föður síns á samfélagsmiðlinum Twitter. „Hann var frábær faðir og afi,“ sagði Stiller. „Hans verður sárt saknað. Elska þig, pabbi.“



MYND/GETTY

CHADWICK BOSEMAN

Leikarinn Chadwick Boseman var einungis 43 ára gamall þegar hann lést þann 28. ágúst. Þá hafði hann verið búinn að berjast við ristilkrabbamein í fjögur ár án þess að neinn vissi, fyrir utan nánustu aðstandendur hans. Boseman er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem T'Challa í Marvel-kvikmyndinni Black Panther. Þá sagði Boseman sjálfur að hann væri stoltastur af því hlutverki. Boseman var í miðri baráttu við krabbameinið þegar hann lék T'Challa.

Dýrmætar minningar og fallegar sögur




„... þerluband
fallegra minninga.“

„Sólveig spinnur einkar fallega, í vel meitluðum,
glettnum og viðfelldnum texta.“

SBS, Morgunblaðinu

„Afskaplega hlýleg og
skemmtileg bók.“

Egill Helgason, Kiljunnir



 **SALKA**
www.salka.is

ÞAU ERU MANNESKJUR ÁRSINS

2020



MYND/ANTON BRINK



ERNA NILUKA

„Mér er sérstakur heiður sýndur að vera tilnefnd til þessara verðlauna, í félagi við samstarfsfólkið mitt, sem hefur staðið í framlínunni á liðnum mánuðum. Við höfum staðið langa og stranga vakt þetta árið, þyngri vakt en oft áður, en það er mín upplifun að þetta ár hafi ekki bara verið ár erfiðleika heldur líka verið ár sigra. Ár sigra þrátt fyrir það áfall sem margar fjölskyldur hafa orðið fyrir og það áfall sem hefur dunið á efnahag okkar Íslendinga, og alls heimsins. Sigur okkar er að skaðinn hafi ekki orðið meiri en blasti við okkur í upphafi. Og ástæða þessa sigurs er ekki bara framlag okkar sem erum í framlínunni, heldur fyrir sakir framlags okkar allra. Við öll tókum höndum saman og ákváðum að þetta væri verkefni sem við myndum sigrast á, hönd í hönd. Að því sögðu þá unnum við sannarlega mikið, meira en maður man í raun eftir og oft við mjög svo krefjandi aðstæður. Hulin þykkum búningum að reyna að veita þeim sem veikir voru viðeigandi þjónustu og hlýju. En þegar allt kemur til alls þá vorum við að sinna sjúklingum og fjölskyldum þeirra, verkefnum sem alla jafna er hægt að ætlast til að við sinnum daglega, alla daga – með því að leggja okkur sjálf í hættu, vinna nótt og dag, takast á við erfið samtöl og hlúa að sjúklingum og aðstandendum á þeirra erfiðasta degi. Við höfum svo sannarlega fundið fyrir auknum stuðningi almennings, svo og stjórnmalamanna, enda hafa allir fengið að sjá hversu mikilvægt starf okkar er, sérstaklega nú þegar svo mikið reynir á. Núna, vonandi, sér fyrir endann á þessari vegferð, þessu mjög svo átakanlega ferðalagi, að þessum heimsfaraldri fari að ljúka. Mín von er að þessi kærleikur og sú velvild sem við Íslendingar höfum sýnt hverju öðru lífi áfram. Auk þess óska ég að þegar þessu óveðri slotar – verði áfram hugsað til okkar af sama hlýhug og þegar verst viðraði.“

Manneskjur ársins 2020 að mati lesenda DV eru heilbrigðisstarfsfólk sem hefur staðið sig eins og hetjur í baráttunni gegn COVID.

Erla Dóra Magnúsdóttir
erladora@dv.is



Lesendur DV hafa valið manneskju ársins 2020. Fjöldi góðra tilnefninga barst frá lesendum en eftir að opnað var fyrir kosningu varð ljóst að kórónuveiran og þeir sem stóðu í framlínunni í baráttunni við hana voru landsmönnum ofarlega í huga.

Að lokum voru það heilbrigðisstarfsmenn sem hlutu heiðurinn fyrir þeirra þrotlausu starf í baráttunni þar sem margir lögðu heilsu sína og velferð að veði til að hjálpa þeim sem heilbrigðisaðstoð þörfuðust.

Það er þrautin þyngri að hafa samband við heila starfsstétt til að greina frá tíðindum á borð við að stéttin sem heild sé manneskja ársins hjá DV. Því urðu fyrir valinu Ragnar Freyr Ingvarsson sem var umsjónarlæknir göngudeildar COVID og Erna Niluka Njál-

dóttir hjúkrunarfræðingur sem tók þátt í uppbyggingu deildarinnar og hefur starfað þar frá því að hún var sett á laggirnar í vor.

Í öðru sæti var þríeykið svokallaða sem samanstendur af Ólmu Möller landlækni, Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni og Víði Reynissyni, yfirlöggregluþjóni almannavarnardeildar ríkislöggreglustjóra. Eftir atvikum var Rögnvaldur Ólafsson aðstoðaryfirlöggregluþjónn einnig hluti af þríeykinu í stað Víðis. Þríeykið hélt þjóðinni upplýstri í gegnum faraldurinn og lagði okkur línurnar, sem og stjórnvöldum, og á stóran þátt í hvernig hefur gengið.

Í þriðja sæti var forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, Kári Stefánsson, en hann ásamt fyrirtæki hans hefur veitt Íslendingum ómælda aðstoð í faraldurinum þar sem starfsemi fyrirtækisins var lögð til hliðar til að gegna sjálfbodaliðastarfi og liðsinna Íslendingum. ■



RAGNAR FREYR

„Það gleður mig mjög að heyra að heilbrigðisstarfsfólk hafi hlotið þann heiður að vera valið maður ársins af lesendum DV. Það gleður alltaf að fá viðurkenningu fyrir vel unnin störf.“

Það eru sérstök forréttindi að fá að starfa við að sinna fólki – það er bæði áhugavert og gefandi. Og stundum krefjandi. Sjaldan eins krefjandi og nú undanfarna mánuði. Þetta hefur ekki bara verið erfitt fyrir okkur sem störfum við að sinna sjúklingum og aðstandendum þeirra – heldur krefjandi fyrir okkur öll.

Sjaldan hafa heilbrigðismál verið jafnmikið í brenni-depli og einmitt nú. Af augljósum ástæðum. Allt samfélagið hefur, jú, verið undir í þessum heimsfaraldri. Og vegna þessa hefur starf okkar sem veitum heilbrigðisþjónustu orðið svo miklu sýnilegra en áður.

Fréttir bárust frá starfsemi á sjúkrahúsinu og í heilsugæslunni daglega, stundum oft á dag. Fréttir af líðan sjúklinga sem voru innlagðir eða lágu veikir heima fóru um allt samfélagið. Á sama tíma held ég að mörgum hafi orðið ljóst hversu mikilvægt framlag okkar heilbrigðisstarfsmanna er. Ekki bara í þessum faraldri heldur alltaf. Við erum alltaf til staðar.

Ég held að þessi heimsfaraldur hafi sýnt okkur glögglega að til þess að okkar litla samfélag geti gengið upp þá verðum við að standa saman. Og við verðum að standa vörð um þá þjónustu sem við viljum veita og ef við sjálf veikumst að fá að þiggja.

Þessi viðurkenning sýnir að við forgangsroðum heilsu okkar og heilbrigði efst. Takk fyrir okkur.“



SKJÁSKOT/UPPLÝSINGAFUNDUR ALMANNAVARNA

ELSTI ÁHRIFAVALDUR Á ÍSLANDI

Pórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Lands sambands eldri borgara, varð óvænt uppnefnd elsti áhrifa valdur Íslands, eftir að hún var gestur á reglulegum fundi almannavarna-deildar ríkislögreglustjóra vegna kórónuveirunnar þann 4. nóvember. Pórunn mætti á fundinn til að tala um aðstæður aldraðra í faraldrinum og nýtti tækifærið og benti á næringardrykkinn Næring+ og gerði gott betur og dró upp tvær fernur og sýndi.

Drykkurinn er framleiddur af MS

og vakti uppátækið athygli þar sem ekki er gert ráð fyrir auglýsingum á upplýsingafundi. Pórunn benti í kjölfarið á að drykkurinn hefði verið framleiddur að tilstuðlan Lands sambandsins með eldri borgara í huga og út frá ráðleggingum landlæknis um næringarþörf hjá hrumu eða veiku eldra fólki, en næringarskortur væri mikið vandamál meðal eldri borgara. Pórunn kippiti sér þó ekkert upp við áhrifa valdstílinn og í samtali við DV sagðist hún taka því fagnandi því eldri borgarar þyrftu á því að halda að eiga sér málsvara.

KALLAÐ EFTIR AFSÖGN

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, komst í hann krappann um jólin. Hann hafði brugðið sér með eiginkonu sinni, Þóru Margréti Baldvinsdóttur, á sölusýningu í Ásmundarsal þar sem fjöldi fólks var saman kominn. Svo mikill fjöldi var á svæðinu að lögregla greindi frá því í dagbók sinni að grunur væri

um að sóttvarnareglur hefðu verið brotnar. Bjarni baðst afsökunar í samtali við RÚV og nefndi hann þar konu sína fjórum sinnum á nafn. Fannst mörgum hann þar ýja að því að það væri konunni hans að kenna að hann komst í þessar aðstæður og hann sjálfur bæri þar enga sök. Flestir sáu þó í gegn um þetta.



MYND/FJÓSIÐ-STUÐNINGSMANNA SÍÐA VALS

FÖGNUMU OG BRUTU REGLUR

Valur varð Íslandsmeistari í elstu deild karla í október eftir að KSÍ ákvað að blása öll Íslandsmót af vegna kórónuveirunnar. Valsmenn fögnuðu þessum tíðindum vel og mikið á samkomustað á Hlíðarenda. Hins vegar voru þá samkomutakmarkanir svo að ekki máttu fleiri en tuttugu koma saman, en af myndum og myndskaiðum sem Valsmenn birtu af fögnuðinum mátti sjá að töluvert fleiri voru á Hlíðarenda en reglur heimiluðu.

Sömu sögu var að segja af leikmönnum Leiknis sem komust upp í efstu deild karla í október. Myndband fór í dreifingu sem leikmaður Leiknis tók í gleðskapnum og mátti þar sjá kampavinið flæða yfir mannskapinn. Ljóst var að fleiri en tuttugu voru þar saman komnir og engin tveggja metra regla var virt.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hóf í nóvember rannsókn á samkomunum tveimur og meintum brotum á sóttvarnareglum.



MYND/GETTY

ENSKIR LANDSLIÐSMENN Í BOBBA

Tveir enskir landsliðsmenn í knattspyrnu, Mason Greenwood og Phil Foden, brutu sóttvarnareglur hér á landi í september þegar þeir buðu tveimur íslenskum konum í heimsókn til sín á Hótel Sögu. Leikmennirnir áttu að gæta sóttkvíar á meðan þeir voru hér á landi og var óheimilt að hitta aðra aðila. Stúlkurnar tvær, Nadía Sif Gunnarsdóttir og

Lára Clausen, birtu myndskaið af hittingnum á samfélagsmiðlum, en þau skilaboð voru aðeins ætluð afmörkuðum hópi. Engu að síður fóru myndskaiðin í dreifingu og bárust DV, sem greindi fyrst frá málinu.

Brot ensku leikmannanna vöktu heimsathygli og áttu stúlkurnar fullt í fangi við að svara ágangi fjölmiðla í

kjölfarið. Greenwood og Foden voru reknir úr landsliðinu vegna brotsins og voru harðlega gagnrýndir fyrir vikið.

Lára og Nadía urðu svo óvænt skotspónn æstra aðdáenda sem kenndu þeim um uppákomuna, þrátt fyrir að þær hafi ekki átt að vera í sóttkví á umræddum tíma.

Uppákomur á ári veirunnar

Árið 2020 verður í manna minnum árið þar sem kórónuveiran stal jólnum, eða öllu heldur árinu. Samkomubönn, tveggja metra regla og reglulegir upplýsingafundir þríeykisins settu svip sinn á árið- og eins varð til ný tegund af fréttum – svonefndar COVID-uppákomur sem vöktu mikla athygli.

VINKONUHITTINGUR RÁÐHERRA

Þórdís Kolbrún Reykfjörð, ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunaráðherra, hitti vinkonuhóp sinn í ágúst og voru myndir af því birtar á Instagram. Athygli vakti að vinkonurnar gættu ekki að tveggja metra reglu á hittingnum og var ráðherrann harðlega gagnrýndur fyrir vikið, enda höfðu margir landsmenn á þeim tíma þurft að fresta samkomum af hverju tagi vegna samkomutakmarkana. Eins vakti athygli að vinafagnaðurinn hafði að hluta til verið samstarf við fyrirtæki, en Þórdís hefur fullyrt að hún hafi borgað sinn eigin reikning þó svo einhverjar vinkonur hennar hafi verið í sam-



MYND/ABSENT SKJÁSKOT

starfi við veitingastaðinn og hótelið sem þær dvöldu á. Þórdís brást upphaflega við gagnrýninni með

því að afsaka og réttlæta atvikið, en viðurkenndi síðar að myndir sem birtust frá þessum degi hefðu verið „taktlaus og mistök“. Hins vegar taldi sóttvarnalæknir að ekki hefði um brot á reglum verið að ræða. Þórdís sagði í fjölmiðlum að þrátt fyrir að vera stjórnmalamaður þá væri hún líka manneskja. „Ég ætla að vera ég sjálf. En það er snúið að kalla eftir manneskjulegum manneskjum í pólitík, en leyfa þeim svo ekki að vera manneskjur. Gleymum því ekki að það er stór hluti þess að vera manneskja, að gera mistök, vera taktlaus, hafa ekki alltaf hugsað hlutina til enda.“



MYND/SIGTRYGGUR ARI

RAUÐ VIÐVÖRUN

Mikið óveður geysaði á landinu í ársbyrjun. Eftir að almannavarnir gáfu út rauða viðvörðun á höfuðborgarsvæðinu um miðjan febrúar hreinlega tæmdust hillur í sumum matvöruverslunum.

BRUNINN Á BRÆÐRABORGARSTÍG

Prennt lést í brunanum á Bræðraborgarstíg 1 í júní. Karlmaður á sjötugsaldri hefur verið ákærður fyrir manndráp og íkveikju.



MYND/ERNIR



MYND/ANTON

Svipmyndir ársins

Árið hefur verið afar viðburðaríkt og þótt kórónuveiran hafi verið fyrirferðarmest átti margt annað sér stað. Við sjáum hér nokkrar svipmyndir frá árinu sem er að líða.



MYND/GETTY

COVID-19 SÝNATAKA

Tekið var á móti fólki í sýnatöku vegna COVID-19 í bílakjallaranum við Íslenska erfðagreiningu.

ÓSKARSVERÐLAUNAHAFI

Hildur Guðnadóttir tónskáld hlaut Óskarsverðlaunin í febrúar, fyrst Íslendinga, fyrir tónlistina í kvikmyndinni Joker.



MYND/VALLI



MYND/ANTON

ALLSHERJARVERKFAÐ

Félagssólk Eflingar fór í allsherjarverkfall og krafðist betri kjara. Meðal þeirra sem fóru í verkfall voru starfsmenn leikskóla, hótela og í sorphirðu.

HVAR ER NÝJA STJÓRNARSKRÁIN?

Spurningin „Hvar er nýja stjórnarskráin?“ fékk ekki að standa lengi á vegg við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið áður en hún var hábrýstíþvegin í burtu.

SEYÐISFJÖRÐUR

Gríðarleg eyðilegging varð á Seyðisfirði í desember eftir að aurskríður féllu á bæinn og tóku heilu húsin með sér.



MYND/SIGTRYGGUR ARI

COVID-DANS

Nemendur í Réttarholtsskóla stóðu fyrir gleðigjörningi í nóvember þar sem þeir dönsuðu úti, hver í sínu sótt-varnahólfi.

FORSETI ÍSLANDS

Guðni Th. Jóhannesson var endurkjörinn forseti lýðveldisins. Innsetningaráthöfnin var heldur fámennari en venjulega.



MYND/ANTON



MYND/ERNIR

BÓLUEFNIÐ

Fyrstu tíu þúsund skammtarnir af bóluefni BioNTech og Pfizer komu til landsins milli jóla og nýárs og duga þeir til að bólusetja tíu þúsund manns. Sérsvæitin vaktadi bóluefnið.



MYND/ERNIR

*Við óskum ykkur
okkar gleðileg
farsældar á*



viðskiptavinum
þessara jóla og
í komandi ári





IS WATCH CO. REYKJAVIK
Sennilega
Heimsins Minnsti
 Úra
Framleiðandi



HJÁ GILBERT ÚRSMÍÐ
 SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR
 Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN OG
 FRAMLEIÐSLU ÚRA. ÁRATUGA
 REYNSLA, METNAÐUR OG
 FAGMENNSKA.



ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA
 OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ
 SITT HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á WWW.GILBERT.IS

J&S Watch co.
 REYKJAVÍK



ARC-TIC ÚR
 MEÐ LEÐURÓL
 29.900.-



ARC-TIC ÚR
 MEÐ STÁLÓL
 34.900.-





ARC-TIC
 ICELAND

GILBERT
 ÚRSMÍÐUR

GILBERT ÚRSMÍÐUR
 LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
 WWW.GILBERT.IS
 SÍMI: 551 4100

Tökum höndum saman, fögnum nýju ári og Skjótum rótum



Með því að kaupa Rótarskot styður þú íslenska skógrækt og mikilvægt starf björgunarsveitanna. Fyrir hvert Rótarskot sem við seljum gróðursetja sjálboðaliðar okkar tré vítt og breitt um landið í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands.

» **Rótarskot fást á flugeldamörkuðum björgunarsveitanna**



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG



SKÓGRÆKTARFÉLAG
ÍSLANDS

Ertu að flytja



Vantar þig sendibíl, flutningskassa eða önnur tæki sem gera flutninga auðveldari?

Hjá okkur getur þú leigt sendibíl í stærð sem hentar fyrir þig, með eða án lyftu og keyrir sjálf/ur!

Einnig leigum við sterka kassa til flutninga, trillur og fleira

Kannaðu málið á www.cargobilar.is

CARGO
sendibíllaleiga

566 5030
www.cargobilar.is

SKEMMTISÖGUR FULLAR AF INNBLÆSTRI

FORSALA
TIL 3. JAN.
Á FORLAGID.IS
ÁRITAÐ EINTAK OG
FRÍ HEIMSENDING
Notaðu kóðann LIFSIBLIAN



Þær Alda Karen Hjaltalín og Silja Björk Björnsdóttir hafa tekið saman 50 lífslykla til að opna dyr tækifæranna.

Byrjaðu nýtt ár af krafti og lærðu að kveikja á sjálfstraustinu, finna lífsgildi þín og ástríðu.

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10-18 | Um helgar 11-16 | www.forlagid.is

SAUÐ UPP ÚR Í NETHEIMUM

Þrátt fyrir að árið hafi litast af samkomubanni, takmörkunum og öðrum leiðindum gerðist margt og mikið í heimi dægurmálanna. Þetta eru málin sem stóðu upp úr og voru á milli tannanna á fólki.



MYND/ADSEND

FADERNISMÁL KRISTÍNAR AVON

Í maí steig áhrifavaldurinn Kristín Avon Gunnarsdóttir fram og sagði að tími væri kominn til að blása á sögusagnirnar um faderni dóttur hennar. Hún sagðist ekki geta farið út í búð „út af þessu slúðri“ og að sögusagnirnar hefðu haft mikil áhrif á líðan hennar.

Í viðtalinu nafngreindi Kristín Avon þá aðila sem hún sagði vera annars vegar föður dóttur sinnar og hins vegar kærasta sinn.

Eftir að hluteigendur höfðu samband fjarlægði DV bæði nöfnin og slitnaði sama kvöld upp úr sambandi hennar og þáverandi kærasta hennar.

Stuttu seinna steig Kristín fram í hlaðvarpsþætti Fanneyjar Dóru Veigarsdóttur, Seiglunni, og sagði að það hefði verið erfitt fyrir alla aðila þegar það kom í ljós að dóttir hennar hefði verið rangfeðruð. Kristín nefndi ekki hver blóðfaðir dóttur sinnar væri í því viðtali en hún leiðrétti að sá maður sem átti að hafa verið faðir dóttur hennar væri í raun ekki faðir hennar.

Síðan þá hefur Kristín verið dugleg að leyfa fylgjendum sínum á Instagram að fylgjast með lífi sínu og greindi frá því í ágúst hver barnsfaðir hennar er. Foreldrarir virðast nálgast uppeldið í sátt og samlyndi og óskum við þeim alls hins besta.



MYND/ADSEND



MEINTUR LAGASTULDUR ENDAÐI MED AÐ VERA HREIN TILVILJUN

Heitar umræður sköpuðust á samfélagsmiðlum um hvort lagið Enginn eins og þú, eftir tónlistarmanninn Auðun Lúthersson, sem er betur þekktur sem Auður, væri stolið.

Lagið var gefið út í júlí 2019 og hefur notið gífurlegra vinsælda. Í apríl 2019 gaf hljómsveitin Leisure út smáskífuna On My Mind og þóttu lögin keimlík. Í kjölfarið var Auður sakaður um lagastuld.

Pródúsent og meðhöfundur lagsins, Arnar Ingi Ingason, sagði lagið ekki vera stolið og líkindin vera algjöra tilviljun. Máli sínu til stuðnings birti hann demóútgáfu af laginu frá febrúar 2019.



MYND/VILHELM

SVIDIN JÖRD ÍSLENSKU KLÁMSTJÖRNUNNAR

Berglind Ýr Baldvinsdóttir og fleiri ósáttir viðskiptavinir kvörtuðu undan viðskiptaháttum erótiska leikarans og fylgdarsveinsins Stefans Octavians.

Stefan hefur getið sér gott nafn sem erótískur leikari í hommaklami undanfarið ár, í byrjun árs færði hann út kvíarnar og fór að selja hátískuvörur á netinu. Hann byrjaði á því að selja Calvin Klein undirföt á Snapchat og stofnaði síðuna SkyFall2020.com. Viðskiptavinir sem DV ræddi við keyptu nærföt af Stefani á Snapchat, en fengu þau aldrei afhent.

Berglind Ýr var í þungum þönkum og sagðist sterklega gruna að um „feik vörur væri að ræða“. DV ræddi einnig við Beggu Bragadóttur sem keypti nærföt að andvirði nítján þúsund krónur af Stefani. Henni var lofað endurgreiðslu sem hún fékk aldrei.


DV náði sambandi við Stefan sem sagðist vera í uppnámi vegna umræðnanna um sig og verslun sína. Hann þvertók fyrir að hafa svindlað á viðskiptavinum sínum og sagði vörurnar vera ekta. „Ég hef ekkert að fela,“ sagði hann.

Hann sagði að vörurnar væru ekki að skila sér vegna kórónaveirunnar og kínversks nýárs. Hann sagði að það væri „enginn bullshit leikur í gangi“. Stefan endaði samtalið á því að viðskiptavinir hans myndu fá vörurnar eða endurgreitt, en miðað við umræður á Beauty Tips síðan þá, þar sem umræðurnar hófust til að byrja með, þá hefur enginn fengið vörur afhentar né endurgreiðslu.

Stuttu eftir að DV greindi fyrst frá málinu var vefverslun Stefans lokað.



MYND/VALLI



MYNDR/ABSENDAR



MÆTTU Í SVIÐSLJÓSIÐ MEÐ HVELLI

Það er óhætt að segja að vinkonurnar og frænkurnar Nadía Sif Línadal og Lára Clausen hafi komið fram í sviðsljósið með hvelli þegar þær heimsóttu tvo landsliðsmenn Englands á Hótel Sögu. Fótboltamennirnir, Mason Greenwood og Phil Foden, brutu sóttvarnareglur og þurftu að greiða sekt.

Nadía Sif og Lára urðu umtöluðustu manneskjur landsins á einni nóttu. Þær komust í heimsfréttirnar og voru á forsiðum allra helstu fjölmiðla í Bretlandi.

Frænkurnar hafa báðar stigið fram í við-

tölum og lýst atburðum kvöldsins. Síðan þá hafa þær verið reglulega í fjölmiðlum og hefur fylgjendum þeirra fjölgað margfalt á samfélagsmiðlum.

Það vakti til að mynda athygli þegar Nadía Sif fór í gelisprautun og birti „fyrir og eftir“ myndir á snyrtistofu sem er vinsæl hjá frægum Íslendingum.

Fókus ræddi nýverið við Lára Clausen, sem varð fyrir barðinu á tölvuþrjóti. Hún sagði einnig að þó svo að þær hefðu farið í nokkur viðtöl hefðu þær ekki sagt söguna alla og munu öll smáatriðin aldrei koma í ljós.



MYNDR/ABSENDAR

ERJUR VEGNA SNYRTIMEÐFERÐAR – HÓTA KÆRUM Á VÍXL

Helena Íris Kristjánsdóttir sagði farir sínar ekki sléttar af samskiptum við snyrtistofuna The House of Beauty í Reykjavík. Hún vildi vara fólk við fyrirtækinu og sagði að sér hefði verið hótad lögsókn af lögmanni snyrtistofunnar. Sigrún Lilja Gyðja Guðjónsdóttir, eigandi stofunnar, sagði Helenu Írisi hafa verið „mjög erfiða“ í samskiptum.



MYND/HOUSEOFBEAUTY.IS

Á vef snyrtistofunnar er henni lýst sem líkamsmótunarstofu sem býður upp á „byltingarkenndar meðferðir við mótun líkamans og samsetningu á þeim sem eru einnar sinnar tegundar á landinu“. Helena Íris samþykkti að vera módel fyrir stofuna í skiptum fyrir 50 prósent afslátt. Hún er fimm barna móðir og var spennt fyrir meðferðinni en þegar meðferðinni lauk sagðist Helena ekki sjá neinn mun á sér, fyrir utan að hún væri blá og marin eftir meðferðirnar. Hún vildi fá nýjar meðferðir, sér að kostnaðarlausu, en fékk ekki sökum meints dónaskapar hennar í garð starfsfólks.

Helena sagði fyrrverandi starfsfólk hafa haft samband við sig og farið ófögrum orðum um eiganda stofunnar, Sigrúnu Gyðju. Sigrún Gyðja svaraði fyrir sig og sagði Helenu ljúga og sakaði hana á ný um dónaskap gagnvart starfsfólki.

Helena sagði að ef hún fengi endurgreitt myndi hún gefa allan peninginn til góðgerðarmála, ekki er vitað hver endalok málsins urðu en óvíst er að Sigrún Lilja hafi endurgreitt henni.



MYND/EYÞÓR



MYND/ABSENDAR

HELGI SELJAN OG LÍNA BIRGITTA FÓRU Í HART

Athafnakonan Lína Birgitta var himinlifandi yfir að vinsæla tískutímaritið Vogue hefði fjallað um vörumerki hennar, Define The Line Sport, í júní. Hún greindi frá því á samfélagsmiðlum og sagðist vera hálfpartinn orðlaus og að springa úr þakklæti.


Fjölmiðlamanninum Helga Seljan fannst eitthvað athugunarvert við umfjöllunina og sagði að líklegast væri um kostaða auglýsingu að ræða. Helgi birti skjáskot úr tímaritinu máli sínu til stuðnings.

Morgunblaðið fjallaði um umfjöllun Vogue

undir fyrirsögninni: Lína Birgitta í einu frægasta tískutímariti heims. Helgi Seljan sagði að rétt fyrirsögn væri: „Lína Birgitta keypti smáauglýsingu í útlensku blaði.“

Í samtali við DV sagði Lína Birgitta að Vogue hefði haft samband við sig og óskað eftir að fjalla um merkið.

„Persónulega hefði mér aldrei dottið í hug að auglýsa í erlendu blaði og hvað þá Vogue af öllum blöðum, þar sem fókusinn minn er aðallega á Íslendinga eins og staðan er núna, ég vil nota pening í markaðsmál hér heima,“ sagði hún á sínum tíma.



Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum



Eigum f órar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum ■ Verð frá 62.000 kr.



SAUNA FYLGIHLUTIR





INFRARAUDUR KLEFI



HEITIR POTTAR

Sjáðu úrvalið á goddi.is Infrared saunur ásamt viðarkyntum pottum




GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

Töff í tauinu

Við fengum álitsgjafana Bergþóru Magnúsdóttur búningahönnuð, Elísabetu Gunnars tiskubloggara, og Kormák Geirharðsson verslunarmann til að tilnefna best klædda Íslendinginn og fara yfir bestu og verstu trend ársins.



ÁLITSGJAFAR

Elísabet Gunnars
tiskubloggari



Bergþóra Magnúsdóttir
búningahönnuður



Kormákur Geirharðsson
verslunarmaður



BEST KLÆDD



MYND/GETTY/



MYND/ANTON BRINK

ANDREA MAGNÚSDÓTTIR

„Þetta er mögulega erfiðasta árið til að svara einmitt þessari spurningu. Þar sem við vorum flest klædd í náttbuxur að neðan, gerðum lítið og hittum fáa. Sú fyrsta sem kemur upp í huga mér er fatahönnuðurinn og vinkona mín Andrea Magnúsdóttir. Hún var ein af fáum sem klæddi sig í kjól alla daga í fyrstu bylgju Covid og hvatti aðrar konur til að gera slíkt hið sama með því að koma af stað myllumerkinu #kjólaáskorun á Instagram,“ segir Elísabet.

Elísabet Gunnarsdóttir



MYND/ANNA MAGGÝ

STEFÁN SVAN

„Stefán Svann, fatahönnuður og verslunareigandi. Með vandaðan stíl. Litríkur og þorir að blanda saman ólíkum efnum og mynstrum.“

Bergþóra Magnúsdóttir

HILDUR GUÐNADÓTTIR

„Hildur Guðnadóttir tónskáld. Hún er með fagaðan stíl sem er einhvern veginn allt í senn tímalaus og afslappaður en afgerandi. Hún ber alltaf af.“

Bergþóra Magnúsdóttir

BRÍET

„Bríet söngkona. Með einstakan stíl. Gaman að fylgjast með hvernig hann vex með henni með hverju árinu. Fer sínar eigin leiðir. Óhrædd að prófa sig áfram.“

Bergþóra Magnúsdóttir

SAGA SIG, RAGGA GÍSLA, ANDREA RÖFN, ELIZA REID, GDRN OG BRÍET

„Það gefur og gleður að klæða sig upp og mikið hlakka ég til að hitta fólk og hafa gaman aftur, þegar það má.“ Elísabet nefnir aðra Íslendinga sem henni þótti einstaklega vel klæddir á árinu: „Saga Sig, Ragga Gísla, Andrea Röfn, Eliza Reid, GDRN og Bríet.“

Elísabet Gunnarsdóttir



MYND/VALLI



MYND/ADSEND



MYND/VALLI



MYND/ERNIR



MYND/INSTAGRAM

G U Ð B L E S S I I S L A N D



HJÓL ATVINNULÍFSINS EHF

HRAFNHILDUR ARNARDÓTTIR

„Shoplifter Hrafnhildur Arnardóttir myndlistarmaður. Framúrsteftnuleg og öðruvísi. Hún er eins og úr öðrum heimi. Blandar saman öllum litum, mynstrum í bland við alls konar efnisáferðir og allt gengur þetta upp á einhvern ævintýralegan hátt.“

Bergþóra Magnúsdóttir



MYND/STEFÁN KARLSSON

SKJÖLDUR SIGURJÓNSSON

„Skjöldur prýðir jakkaföt ansi vel og er með óaðfinnanlega bindis-hnúta. Og er tignarlegur á velli.“

Kormákur Geirharðsson



MYND/ERNIR



MYND/ANTON BRINK



MYND/SKJÁSKOT VÍSIR

EDDA ANDRÉSDÓTTIR

„Edda Andrésdóttir fjölmiðla-kona. Edda er trú sínum stíl sem og flott, hvort sem það er rúllu-kragi og dragt, eða skyrta og dragt. Trylltu „70's“ gleraugun hennar setja svo punktinn yfir i-ið.“

Elísabet Gunnarsdóttir

ALMA MÖLLER

„Ég get ekki sleppt að nefna Ölmú Möller landlækni. Hún er með klassískan og fagaðan stíl, sem hún er óhrædd við að poppa upp með sterkum litum þegar við á. Glæsileg kona.“

Bergþóra Magnúsdóttir

BESTA TRENDIÐ



MYND/AÐSEND

JOGGARAR

„Joggarar (e. sweatsuits) náðu nýjum hæðum árið 2020 og það er svo sannarlega mitt uppáhalds trend á árinu. Trend sem heldur bara áfram því öll tiskuhúsin virðast vera að vinna með nota-legheitin inn í nýja árið.“

HÁRKLEMMUR

„Persónulega vann ég líka mikið með hárklemmur og derhúfur – bæði skemmtileg trend sem setja punktinn yfir i-ið.“

ÍSLENSK HÖNNUN

„Sérstakt íslenskt trend - fólk velur íslenska hönnun meira en áður. Að styðja við okkar hæfileikafólk í hönnun er einmitt málið!“

Elísabet Gunnarsdóttir

RÚLLUKRAGINN

„Ég er búinn að vera í „rúllara“ svolfíð lengi en mér finnst að fleiri hafi verið að uppgötva hann í ár.“

Kormákur Geirharðsson



VERSTA TRENDIÐ



MYND/66°NORÐUR




MYND/BUGABOO

DYNGJA X BUGABOO

„Samsetningin kamellitaður Buggabu og 66°Norður hnésíð Dyngja. Flott bæði, bara í sitt-hvoru lagi.“

Bergþóra Magnúsdóttir



MYND/GETTY

LÝTAAÐGERÐIR

„Ég er ekki hlynnt öllum þessum lýtaaðgerðum sem virðast því miður vera einhvers konar trend hérlandis og erlendis.“

Elísabet Gunnars

„BUFFIÐ.“

Kormákur Geirharðsson

GRÍMUR

„Verð ég ekki að svara þessu undir boðorði hinnar heilögu þrenningar og segja grímur. Við erum öll almannavarnir en sem betur fer er grímuflóran litrík og fjölbreytileg og lýsir þannig upp sóttvarna-drungann sem væri hræðilegur ef allir væru með hvítar einnota and-litsgrímur.“

Bergþóra Magnúsdóttir



MYND/THE TODAY SHOW



MYND/BELIEVEINTHERUN.COM

HÁTÍSKA STÍLUÐ Á UNGT FÓLI

„Dýrar vörur frá hátískumerkjum fyrir ungt fólk sem á ekki fyrir því – hettupeysur fyrir handlegg. Mér finnst mikilvægt að impra á því við ungt fólk að eiga fyrir hlutunum sem þeir klæðast. Ég kenni minni dóttur það sem verður bráðum unglingur.“

Elísabet Gunnars



Völvuspá 2021





Völvan segir bjartari tíma fram undan.

MYND/ERNIR

Erla Dóra
Magnúsdóttir
erladora@dv.is



Völva DV vill ekki láta nafns síns getið. „Ég verð að geta tjáð mig frjálst, þú skilur, án þess að fólk vilji mér illt. Ljósið er ekki alltaf allsráðandi,“ segir hún og leggur spilin á borðið.

„Ég nota bæði spil og innsæið til þess að fá svör við spurningum þínum,“ segir hún og horfir fast á blaðamann. Bandar svo frá sér. „Svona, vertu ekki fyrir mér, segir hún og bendir á stól hinum megin í myrkvöðu herberginu.

Hún er á óræðum aldri, með sítt, óstýrilátt sítt hár og frá henni streymir kynngimögnum orka en um leið er eitthvað sem gefur til kynna að hún láti ekki segja sér hvað henni finnst. Hún er sinn eigin herra. Og minn næstu klukkustundirnar. Blaðamaður sest á stólinn sem hún bendir á og dregur sig í hlé. Við gefum hinu óútskýrða og dulmagnaða orðið.

Heildarmyndin

„Árið fram undan sýnir fullkomið flæði fyrir Ísland, sem er jákvætt vægast sagt. Hér er sýnt að landið er staðsett

VÖLVUSPÁ 2021

Enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér – eða hvað? Völva DV sér lengra en margur og hefur merkilega oft rétt fyrir sér, enda spádómmsgáfan hennar vöggugjöf. Hún segir kynngimagnaðan kraft krauma undir landinu og að það séu bjartari tímar fram undan þó að sorgartímar séu einnig sjáanlegir. Hræðilegt morð skekur þjóðina og miklar manna-breytingar verða í stjórnámálum.

beint undir happastjörnu – þrátt fyrir ástand og erfiðleika býr í landsmönnum kraftur og hugrekki. Ísland er staðsett á björtum blessuðum reit á Atlantshafshryggnum og þar er mikið ljós. Svakaleg birta, svona svipuð og friðarsúlan í Viðey, en margfalt öflugri. Við getum leiðbeint öðrum þjóðum ef við höldum okkur í ljósinu.

Hér í byrjun árs kemur fram einhver ólga í Heklu. Jörðin titrar og dýrin á túnunum eru á flóttu, óttaslegin. Í febrúarbyrjun sér íslenska þjóðin loksins að það birtir sannarlega til. Við höldum einbeitt áfram og horfum fram á við. En það eru einhverjir erfiðleikar sem koma hér fram á leið okkar, en það sem er skýrt hér er þetta bjarta upphaf. Nýjar áskoranir sem þjóðin tekst á við og hjálpin berst úr óvæntri átt, myndi ég halda – við sjáum fyrir lok faraldursins – við erum með raunhæfa áætlun. Veiran mun samt fylgja okkur áfram út veturinn. Það verður holóttur vegurinn í átt að hjarðónæmi. Ég sé fram á nokkra bið eftir nægjanlegum skömmtum, en á sama tíma finnst mér glitta í mikinn liðsstyrk. Það er þó ekki hann Kári okkar Stefánsson? En seinni hluti ársins

verður okkur auðveldari og ég sé fram á að margir Íslendingar nái að ferðast út fyrir landsteinana með haustinu.

Ferðapjónustan

Ferðapjónustan okkar hefur staðið í ströngu. Það fer að birta í þeim geira með sumrinu en ég sé líka mörg fyrirtækjanöfn sem þurfa að skella í lás. Úrræði stjórnvalda fyrir atvinnugreinina munu áfram sæta gagnrýni og ég sé hana eflast nokkuð á fyrstu mánuðum ársins. Hér er einnig sterk kona með veglegar tengingar í viðskiptalífið. Hún er hér til að bera þjóðina yfir erfiða hjalla. Ný útkoma. Hér er tækifæri sem blasir við okkur og talan sjö birtist hér. Við höldum ótrauð áfram og gerum það sem við byrjuðum á að vinna að í ársbyrjun. Hjól atvinnulífsins byrja loksins að snúast. Ferðamenn koma hingað í enn meira mæli en áður í júlí, ágúst og september, þar sem við tókum á móti erlendum gestum á annan máta en áður. Ný hugmynd skilar sér vel hér.

Síðustu þrjú mánuðir ársins sýna að allt sem við höfum unnið að þegar kemur að ferðaiðnaðinum þá gerum við hér áherslubreytingar og mikill árangur næst. Jú, einhver hópur birtist hér sem öskrar hátt og gagnrýnir þessar nýju aðferðir landans þegar kemur að ferðamönnum. Neikvæðin nær alltaf athygli en þessi hópur fær ekki hljómgrunn.

Nýjungar koma hér fram þegar ferðapjónustan er annars vegar. Menn byrja að hugsa út fyrir kassann og skapa tækifæri í kreppunni. Við drögum heiminn bókstaflega til okkar. Allt er til staðar hér. Við erum með öll verkfærin og vættir landsins sjá um okkur og vernda og milda höggið af faraldrinum.

Mikið púður verður lagt í landkynningu og þessi blessaða breska auglýsingastofa, ég skynja nokkra óánægju með hana og finnst eins og stjórnvöld sjái eftir ákvörðun sinni að ráða hana í verkid og ákveði að fela það innlendum aðila.

Flugfélög

Hér er ekki að sjá að ný flugfélög bætist við árið fram undan. Icelandair blómstrar sem aldrei fyrr og stjórnendur fagna þegar haustar árið 2021. Hlutabréf í fyrirtækinu hækka. Sigurbogi birtist hér yfir flugfélaginu. Fögnuður mikill hér. Lærdómurinn hefur verið numinn. Hér er eins og Icelandair sé á sterum miðað við síðasta ár. Starfsmenn endurráðnir og jafnvægi næst. Ég sé samt einhverja örðugleika sem munu hafa áhrif á gengi hlutabréfanna til hins verra, en þó er þetta engin ástæða til að örvænta því mér sýnist ástandið vara stutt, enda menn þar á bæ snillingar í að rétta úr kútnum.

Ég sé nokkuð stóran starfsmannafögnuð þegar starfsemi flugfélagsins kemst aftur á fullt skrið eftir veirufarald-



Lilja Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra.

MYND/SIGTRYGGUR ARI

Nýjar leiðir í menntamálum fá hljómgrunn. Listir skipta þar sköpum.

urinn, svo stóran að fjallað verður um hann í fjölmiðlum.

Veitingahús

Hér er komið inn á erfiða stöðu veitingastaða í miðborg Reykjavíkur og nágrenni en hér birtir til og það er eins og frjór jarðvegurinn sé að skila góðri uppskeru þegar ágústmánuður árið 2021 líður undir lok. Kórónuveirufaraldur er hættur að lama samfélagið og það er eins og gjaldþrotin nái ekki yfir töluna tíu. Öll þessi tómu rými fyllast á ný í Reykjavík og hér er hröð uppbygging. Verslunargatan Laugavegur mun blómstra og Austurstræti iðar af lífi og

gleði borgarbúa. Lundabúðirnar eru ekki eins smitandi og áður. Það hefur átt sér stað hreinsun. Ný verslun ýtir undir vinsældir Laugavegs.

Veitingarekstur í **Perlunni** lifir þetta af. Grillið deyr hinsvegar. Það hverfur af yfirborðinu eins og það hafi aldrei verið til.

Menntamál

Menntamál, skýrari samskipti í stað reiði, gagnrýni og ótta. Hér er talan fimm öflug þegar heildarmyndin er skoðuð. Nýjar leiðir í menntamálum fá hljómgrunn. Listir skipta þar sköpum.

Ástrík konan sem stendur

hér fremst í flokki er með alla þjóðina á bak við sig sem traustur leiðtogi. Þessi nýi kafli byrjaði á nýju tungli 14. desember og núna erum við á leiðinni inn í nýja tíma. Þjóðin stendur saman. Regnboginn birtist hér yfir okkur.

Brottfall úr skólum er minna en búist var við í kjölfar aukinnar ásóknar í nám á COVID-tímum. Þó eru einstaklingar sem gefast upp.

Menntakerfið hefur tekið mikinn þroska eftir faraldurinn og ég sé spennandi, nýjar leiðir kynntar í náminu sem mun auka aðsókn, einkum hjá fullorðnu fólki sem er nú þegar komið á vinnumarkaðinn.

Stafrænar lausnir spila þar stórt hlutverk og möguleikar í fjarnámi eflast gífurlega. Ég sé þó gagnrýnisraddir innan fræðasamfélagsins sem telja að slegið sé af árangurskröfum með þessu nýja fyrirkomulagi, en þessi ástríka kona sem ég minntist á áðan mun snúa þá gagnrýni niður eins og hinn öflugasti MMA-kappi.

Erfiðleikar

Myrk teikn eru á lofti í andlegum málefnum þjóðarinnar í byrjun nýs árs. Þunglyndi, atvinnuleysi, einangrun og fátækt liggja þungt á landanum.

Sjálfsvíg hér á landi verða allt of mörg. Hér er einn tugur mér greinilega sýndur á árinu fram undan þar sem Íslendingar og tveir aðfluttir útlendingar taka eigið líf. Hér vil ég stoppa stutt við. Hræðilegt að sjá þetta.”

Völvan þagnar stundarkorn og fær sér sopa úr dökkum leirbolla með óræðu innihaldi. Hendur hennar skjálfa.

„Alveg hræðilegt, en þetta mun leiða til enn frekari vitundarvakningar og stjórnvöld munu finna fyrir miklum þrýstingi að veita fjármagni í sálfræðiþjónustu á næstu fjárlögum. Svo það er víst ljósið í myrkrinu, þótt við kærum okkur fæst um að bíða lengur eftir úrbótum.”

Könnun meðal unga fólksins í framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla mun valda áhyggjum, en hún mun sýna fram aukna nikótínneyslu ungmenna. Vegna þessa verður farið í laga-breytingar og sérstakt átak til að spyrna við þessari þróun. Ég sé rafrettur ná auknum vinsældum á kostnað nikótínþúðanna.

Ég sé mörg stór fíkniefnamál á komandi ári og munu þau í auknum mæli varða innlenda framleiðslu, enda áttu fíkniefnasalar erfitt með að anna eftirspurn í faraldrinum sem gerði það erfiðara að flytja hingað inn efni. Ég sé mál koma upp sem varðar mikil veikindi meðal þeirra sem neyta efna sem hafa verið framleidd innanlands. Alvarleg veikindi þar sem nokkrir þurfa að leggjast inn á sjúkrahús og einn tapar lífinu.

Fólkið

Þetta er árið sem við þurfum að hlusta á forsetann. Hann **Guðni Th. Jóhannesson** birtist hér sem kennari og þetta er ár kennarans. Ég sé ekki miklar breytingar fram undan hjá honum, hann mun halda áfram að vera viðkunnanlegi og alþýðlegi sagnfræðingurinn sem við höfum fengið að venjast síðustu fjögur árin. Enda þarf ekki að breyta því sem virkar.

Eliða Reid mun láta meira að sér kveða en áður, enda orðin dauðþreytt á að teljast handtaska forsetans. Hún hefur sína eigin rödd og mun leyfa henni að heyrast meira en við höfum áður fengið að kynnast. Því verður mætt með blönduðum viðbrögðum, enda

stór hluti þjóðarinnar íhalds-samari en góðu hófi gegnir. En flestir munu taka því fagnandi enda er forsetafrúin okkar kraftmikil og klár. Hún mun fá enn meiri hljómgrunn erlendis.

Tónlistarfólk

Svala Björgvins er árið fram undan alltaf að æfa sig að segja nei. Hún þarf að taka á honum stóra sínum ef hún vill að draumar hennar rætist og hennar vegferð. Ef hún er ákveðin og segir oftast nei þá mun tónlist hennar blómstra. Ástarlíf hennar verður áfram í sviðsljósinu og ég sé snarpar breytingar þar á ferð næsta sumar. Það er þó ekki að birtast skýrt hvers eðlis þær breytingar eru, svo þarna gæti verið um sambandslit að ræða eða giftingu. Ætli við verðum ekki að bíða spennu.

Björgvin Halldórsson hefur undanfarið ár verið undir miklu álagi og það er mikilvægt að hann líti á þessa reynslu sem verkefni, en hann mun þurfa að líta í eigin barm ef hann ætlar að halda áfram að vaxa og dafna á stóra sviðinu hér. Heilsubrestur er yfirvofandi ef hann hægir ekki á sér. Hann gefur skemmtana-keflið áfram þar sem hann verður einn af gestunum í Jólagestum Björgvins en ekki maðurinn í brúnni næstu jóla og nýtur þess mun meir en hann hefði órað fyrir.

Bríet Ísis Elfar söngkona hefur sig til flugs. Flottur tími hjá henni þar sem hún mun heilast í gegnum listina. Hún mun söðla um erlendis eftir að platan *Kveðja*, Bríet fær lofsamlega gagnrýni erlendra spekulanta. Framtíðin er svo björt að ég ætla að leyfa mér að spá því að hér séum við með næstu íslensku stjórnun sem „meikar“ það erlendis. Hins vegar er Bríet mjög jarðbundin og leyfir athyglinni ekki að stíga sér til höfuðs.

Herra Hnetusmjör hvílir sig í byrjun ársins. Talan tíu ein-kennir þennan mann og það segir til um álag. Hér er talan tíu einum of mikið. Of mörg verkefni. Hér er mikilvægt að hann ákveði hvert skal halda og nýti tímann betur en áður. Hann kemur hérna verkefnum í hendur þeirra sem hann treystir. Það er eins og hann þurfi að kjarna sig og hlusta betur á líkamann, sem er þreyttur hér og þarf hvíld eftir mikla törn. Herra Hnetusmjör og konan hans ganga í heilagt hjónaband á árinu og sólin skín á sambandið þeirra.

Birgitta Haukdal tekst á við miklar andstæður. Það er eins og það sé togað í hana úr tveimur áttum. Hún tekur ákvörðun sem er afdrifarík fyrir hana og hennar ástríðu sem er tónlistin. Íðjuleysi er ekki í boði hjá þessari konu. Skyldurækni gagnvart fjölskyldunni er hins vegar mikil en Birgitta brýtur hér upp hefðbundnar aðferðir og stendur með sér. Hér hlustar hún á eigin langanir og þrjár. Hún tæklar allar hindranir eins og fótboltastjarna og endar á



Rödd Elizu mun heyrast út fyrir landsteinana.

MYNDIR/VALLI



Björgvin hægir á sér á árinu og verður gestur á eigin tónleikum.

MYND/ADSEND

sigri. Birgitta skorar en þarf að vera sterk í vörninni hérna.

Sigga Beinteins er hér að byggja sig upp og sinna sér. Ástin mun banka á dyrnar hjá henni en sú heppna er nokkuð yngri en Sigga og mun það fylla hana nýjum lífskrafti. Innblásturinn knýr á dyrnar og hún gefur út sumarsmell ársins 2021. Ef hún hefur ekki þegar farið í garðyrkju þá liggur það vel fyrir henni árið fram undan.

Það er eins og tvö líf kvikni hjá meðlimum hljómsveitarinnar **Kaleo**. Börn fæðast í heiminn og þau koma ekki í veg fyrir að ævintýrið haldi áfram. Leiðin að markinu hefur verið fyrir fram ákveðin fyrir Kaleo og liðsmenn sveitarinnar eru hér árið 2021 tilbúnir til að takast á við framhaldið sem er eitt risastórt ævintýri. Það er talið um að allt í þeirra lífi ýti undir heppni Kaleo sem tengist fjölda verkefna, sem eru eitthvað sem þeir hafa unnið að lengi og það er mikilvægt að hætta ekki núna heldur halda áfram, áfram, áfram. Heimurinn er að hlusta.

Skemmtikraftar, listamenn og athafnafólk

Ólafur Darri leikari er með yndislega fallett hjarta og beintengir sig við þjóðina þar í gegn en það er eins og hann viti oftast ekki hvað hann vill. Ólafur heldur áfram að söðla um erlendis og verður eftirsóttur þegar kvikmynda- og sjónvarpsframleiðsla kemst aftur almennilega af stað næsta sumar.

Salka Sól Eyfeld leitar í nýjan félagsskap sem er nærandi og góður og hún tekur að sér nýtt hlutverk þar sem hún ferðast um landið. Hér er hún að vinna náið með ungu kynslóðinni. Móðurhlutverkið og mörg spennandi verkefni munu neyða hana til að leggja þróunina á hilluna um sinn og reynist það henni nokkuð þungbært.

Hér kemur strax fram að það eru margar brýr í byggingu hjá leikarahjónunum **Nínu Dögg Flippusdóttur** og **Gísla Erni Garðarssyni**. Ein brúin er stærri en allt annað sem þau hafa fengist við á ferlinum sem þau eru nú þegar byrjuð á. Þeirra vináttusamband er kraftaverk guðlegrar sköpunar og augljós neisti sem eflir þau bæði og stýrir þeim báðum í átt að draumum sínum. Ný merkileg kvikmynd er í vinnslu og sjónvarpsþættir sem verða mjög vinsælar.

Hjarta Sólva Tryggvasonar er við stjórn hér og þess vegna tengir hann svona við þjóðina og heiminn. Hann er opin sál og þess vegna gengur honum svona vel að tengja við viðmælendur sína. Hann er á leiðinni inn í nýjan kafla sem er miklu stærri en það sem hann tekst á við í dag. Hann opnar hér faðmunn og tekur á móti velgengninni í auðmýkt og ljósi. Ástin umvefur hann síðari hluta árs og mun sú heppna eiga fullt í fangi við að halda í við þennan kraftmikla

mann. Ég sé þó að með ástinni færast yfir hann meiri ró og hann leyfir sér í auknum mæli að slaka á og njóta.

Saga Garðarsdóttir hefur klifið fjöllin nokkur og sú reynsla hefur mótað hana og gert hana að því sem hún er í dag. Hún fær stórt hlutverk í kvikmyndaseríu sem framleidd er vestan hafis. Hún er mikil og sterk fyrirmynd og það verður aldrei tekið frá henni. Heimurinn tekur opnum örmum á móti Sögu og hún er tilbúin – loksins. Frjósemi einkennir þetta ár hjá henni á fleiri vegu en einn.

Yrsa Sigurðardóttir vinnur hérna á við fjóra. Hún er kraftmikil kona. Í lok árs ákveður hún hins vegar að hægja á sér og vinna ekki of mikið. Leika meira og sinna fjölskyldunni. Hún er sátt við ákvörðunina. Þáttasería byggð á sögu eftir Yrsu verður framleidd fyrir Netflix og hún hlýtur mikið lof fyrir.

Fótboltakempur

Eiður Smári er drengur góður með mikið innsæi og hjarta-hlýju sem íslenska þjóðin vill sjá ganga vel. Hann tekst á við nýtt hlutverk í knattspyrnuheiminum þar sem þjóðin og já, allur heimurinn, fylgist grannt með honum. Gagnrýni bítur ekki á hann en hún verður töluverð árið fram undan. Hann stígur feilspor í byrjun árs en það dugir til að minna hann á hvernig best er ganga í takt við hjartað og heilsuna.


Rúrik Gíslason er maður með góða samkennd en ef hann setur sér ekki skýr mörk árið 2021 lendir hann í vandræðum. Þessi vandræði birtast hér árið fram undan en þau eru hluti af þroskaskeiði hans. Hann tæklar þessar hindranir. Hann reynir fyrir sér á sviði tónlistarinnar og kemur með eitt lag sem kemst í nokkra spilun hér á landi, þó það klifi ekki í efsta sæti vinsældalistanna. Hins vegar verður tónlistarferill hans snarpur og hann finnur hratt að hjartað hans er ekki í því. Hér er íslensk kona sem birtist hér við hlið hans. Ástin blómstrar. Nýtt líf. Rúrik verður pabbi.

Viðskiptajöfrar

Róbert Wessmann viðskiptajöfur mun komast í gegnum eitthvað óryggi sem birtist hér en hann þarf alltaf að muna að allir eru jafn mikilvægir. Þar er lykill hans að falletgri framtíð.

Björgólfur Thor Björgólfsson athafnamaður mun tjá sig mun meira á árinu en áður. Vasar hans fyllast en það er ekki endilega ávisun á sanna hamingju og það veit hann. Innri órói.

Óljós stefna hans er áberandi. Hann veit ekki hvort hann á að fara aftur á bak eða áfram. Hugur hans er eins og excel skjal í algjör rugli og það stemmir ekkert hérna. Einbeiting er eitthvað sem hann þarfnast ef hann vill að hlið tækifæranna opnast upp á gátt. Árið verður honum erfitt persónulega. Hér á sér



Kári Stefánsson sest í helgan stein árið 2021.

MYNDIR/VALLI



Nína Dögg Filippusdóttir.

MYND/EYÞÓR



Linda Pétursdóttir.

MYND/ADSEND

hreinsun stað. Mér sýnist eitthvað þungt og erfitt mál fylgja honum eftir. Líklega er þar um liðna atburði að ræða sem enn á eftir að gera upp og ég skynja að hann sé á miklum flóttu. Það eru margir að reyna að gægjast inn í þetta mál og hann þarf að hafa allan varann á sér. Líklega ætti hann að treysta sem fæstum.

Skúli Mogensen gefst upp á fluginu eftir enn eina misslukkaða tilraun til að hasla sér þar völl að nýju á vor-mánuðum. Hann mun þó snúa aftur næsta vetur með nýjar hugmyndir á alveg nýju sviði. Algjör viðsnúningur hjá honum. Ég sé þó einhverja bresti í ástarlífinu sem gætu endað með því að Skúli snúi aftur á lista yfir eftirsóttustu pipar-sveina landsins.

Linda Pétursdóttir fegurðardrottning hefur hugrekkni en hún verður að finna út hvað hún vill. Ef hún tjáir sig þá gæti hún fundið sína leið. Árið 2021 sýnir hana frjóa þegar kemur að hugmyndum og nýtir hún þar tæknina á réttan máta. Linda er ástfangin hér af eldri manni sem gæti verið pabbi hennar en ástin spyr ekki um aldur og Linda blómstrar.

Kári Stefánsson

Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar mun blómstra á árinu 2021. Hann heldur áfram að vera áberandi í sviðsljósinu fyrri hluta næsta árs, en með sumrinu sé ég hann draga sig í hlé og einbeita sér að fjölskyldunni og skrifum. Hann vill skilja eftir sig meira á prenti. Fyrirtæki hans mun standa að nokkrum athyglisverðum rannsóknum sem tengjast COVID sem verður tekið eftir og vitnað í um allan heim. En ég sé líka mikinn þunga yfir honum. Þunga sem líklega er þreyta. Undir lok næsta árs verður Kári sestur í helgan stein eða farinn að hugsa um það af verulegri alvöru. Ég skynja að hann sé nú þegar farinn að leita af arftaka sínum, þó tilhugsunin um að láta barn sitt, Íslenska erfðagreiningu, í hendur einhvers annars sé erfið.

Atvinnulífið

Dágóðar launahækkanir taka gildi um áramótin og mun hækkanin reynst mörgum vinnuveitendum þungur baggi í COVID-kreppunni og ég sé fram á töluverðar uppsagnir á næstu mánuðum. Stytting vinnuvikunnar verður einnig áberandi og verður mikið til umræðu, sérstaklega þegar örlar á óánægju meðal launþega um útfærslu á styttingunni. Vinnustaðir þar sem unnið er á vöktum munu lenda í nokkrum byrjunarerfiðleikum sem jafnast þó fljótlega út. Ég sé atvinnuleysi ekki minnka fyrr en vel er liðið á árið. Mér sýnist mikið af fyrirtækjum hverfa frá Íslandi út af auknum launakostnaði og háu húsnæðisverði.

Vinnumálaflokkur fer þó af stað með spennandi lausnir

Linda er ástfangin hér af eldri manni sem gæti verið pabbi hennar en ástin spyr ekki um aldur.

fyrir atvinnulausa sem virkja sköpunarkraft til góðra verka.

Íslendingar ná að halda sér nokkuð vel á floti í gegnum kreppuna en ég sé þó merkjanlega aukningu á nauðungarsólum eftir því sem líður á árið. Þeir aðilar eiga sér þó málsvara inn á Alþingi sem munu berjast ötullega fyrir réttindum þeirra.

Verkalýðshreyfingin verður áfram áberandi. Þar sé ég Sólveigu Önnu Jónsdóttur hjá Eflingu halda áfram að vera háværan málsvara láglaunafólks. Hún mun tvíeflast og ganga hart fram í þágu félagsmanna og sá styr sem hefur staðið um hana vegna innanhússmála hjá Eflingu, ég sé hann líða undir lok. Hún þarf að verjast árásum frá Samtökum atvinnulífsins sem saka hana um að hafa leitt til þess að fjöldi fyrirtækja fór í þrot og fjöldi félagsmanna hennar tapaði vinnu sinni.

Stjórnvöld munu fara af stað með átak næsta sumar þar sem búinn verður til fjöldi tíma-bundinna starfa, bæði fyrir háskólanema sem og bótaþega á atvinnuleysisrá. Eins, sé ég eitthvað útspil ríkisstjórnarinnar sem miðar að því að auðvelda vinnuveitendum að fjölga störfum, eða halda starfsmönnum sem annars hefðu misst vinnuna.

Hreyfing og íþróttir

Leiðin að markinu hefur verið fyrir fram ákveðin fyrir Söru Björk Gunnarsdóttur fyrirliða íslenska landsliðsins í knattspyrnu. Núna er landslið kvenna í startholunum að takast á við framhaldið. Hér standa þær þétt saman en nýr, erlendur þjálfari kemur hér fram og nýr hópur starfsfólks, sem sér til þess að stúlkurnar nái þeim árangri sem þeim er ætlað og geta sætt sig við.

Björn Leifsson brosir breitt í janúar. Íslenska þjóðin flykkist í líkamsræktarstöðvarnar hér í byrjun árs en fyrst um sinn verða settar fjöldatakmarkanir. Þær verða þó felldar niður þegar líða tekur á árið. Þjóðin hreyfir sig sem aldrei fyrr. Velliðan, jafnvægi og hreysti er svarið hér gegn offitu og þunglyndi sem safnast hefur upp í ástandinu. Hjólaæðið nær nýjum víddum.

Notkun rafmagnshjóla fer upp úr öllu valdi hér á landi 2021 og verður sett fram sérstök reglugerð á árinu hvað notkun þeirra varðar sem og hvað varðar rafhlaupahjóla-leigur. Ég sé fyrir nokkur misalvarleg slys á fólki vegna rafhlaupahjóla sem gera það að verkum að stjórnvöld telja rétt að stíga inn í með laga-setningu sem setur skorður við hámarkshraða.

Skemmtanalið

Daði og Gagnamagnið taka Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva og pakka henni saman. Daði verður sterk landkynning en því miður sigrum við ekki þetta árið heldur náum í þriðja sinn í annað sætið á keppninni. Enda er það hinn íslenski



Kosningabarátta Bjarna verður söguleg.

MYND/STEFÁN KARLSSON

Það verður mikill titringur í ríkisstjórninni í ársbyrjun og hún hangir á bláþræði.

sigur þar sem fæstir kæra sig um þau útgjöld sem fylgja því að halda Eurovision-keppnina hér á landi, auk þess yrði allt of mikið af túristum á landinu og við rétt að venjast því að eiga miðborgina aftur fyrir okkur. Daði sigrar hins vegar því hans stjarna skín skært í Bandaríkjunum þetta árið.

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum verður sú allra veglegasta í ár. Landsmenn flykkjast á útihátíðina sem fer fram um Verslunarmannahelgina. Fjölmenni verður óvenju mikið og því miður sé ég nokkur alvarleg brot koma upp á hátíðinni, bæði ofbeldis- og fíkniefna. Í aðdraganda hátíðarinnar verður lögreglan í Vestmannaeyjum fyrir mikilli gagnrýni og háværar áskoranir berast frá nokkrum baráttuhópum um að blása hátíðina alfarið af.

Það verður rækilega fagnað í mars þegar skemmtistaðir mega aftur hafa opið fram eftir nóttu. Jafnvel of mikið fagnað og mun lögregla standa í ströngu við að eiga við drykkjulæti í mið-

borginni. Ástandið varir þó stutt og margir munu áfram tileinka sér COVID-siðinn að fara snemma út og koma heim snemma.

Veðrið

Þó að það sé það síðasta sem við Íslendingar þurfum þá verður veturinn þungur. Ég sé mikið af appelsínugulum viðvörðunum í janúar og eina rauða.

Hér sé ég snjóflóð við varnargarðinn á Siglufirði en hvenær, kemur ekki skýrt fram, nema hvað að efstu húsin gætu beðið tjón þar, en engin manneskja hlýtur skaða af.

Sólskinsstundir verða margar sumarið fram undan en úrkomudagar enn fleiri. Árið 2021 einkennist af miklum hlýindum en um allt landið verður mjög úrkomusamt. Já, þetta sumar verður frekar blautt og sólarryrt. Úrkoma birtist hér langt yfir meðal-lagi um mest allt land.

Eldgos sé ég á árinu, en hvar sé ég ekki, enda náttúran með öllu óútreiknanleg, jafnvel þó maður búi yfir þriðja auganu.

Eldgosið mun valda nokkrum truflunum á samgöngum. Mér sýnist það endast stutt, þetta gos.

Jarðskjálftar verða margir á árinu. Nokkrir svo stórir að vel finnst fyrir þeim í byggðum og bæjum og einn svo stór að nokkuð eignatjón verður af.

Stjórnmal

Það verður mikill titringur í ríkisstjórninni í ársbyrjun og hún hangir á bláþræði. Þrátt fyrir það tekst henni með herkjum að komast í gegnum sumarið og að næstu kosningum. Ríkisstjórnin nær ekki endurkjöri. Ég sé tvö stór hneyksli sem tengjast þingmönnum og eitt sem tengist ráðherra sem eiga sér stað fyrir sumarið. Eitt málið tengist metoo-byltingunni.

Unga kynslóðin kemur sterk inn þegar stjórnmalin eru annars vegar á nýju ári og ég sé mörg ný andlit á Alþingi í kjölfar kosninganna næsta haust og nokkur þeirra eru á þrítugsaldri.

Árið 2021 verður mikið átakaár í stjórnmalum, þrír

flokkar munu tilkynna fyrir kosningar að þeir geti ekki hugsað sér samstarf við Sjálfstæðisflokkinn og munu kynna sig sem nokkurs konar sameiginlegt mótframboð gegn íhaldinu.

Kosningarnar munu svo fela í sér miklar breytingar og nýja leikmenn. Allt er breytt.

Framsókn og Miðflokkur fara í harða kosningabaráttu og skipta á milli sín fylgi miðjumanna. Ég sé þó Framsóknarflokkinn fá meira fylgi að lokum. Ásmundur Einar Daðason, barnamálaráðherra, verður vinsæll sem og Lilja Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra, og verða þau lykilmennti í að landa atkvæðum kjósenda til flokksins. Ég sé Sigurð Inga Jóhannsson, formann Framsóknar hætta í stjórnmalum og mun Lilja taka við af honum. Sigurður hugar loksins almennilega að heilsunni, þar sem styrkur hans dvínar á árinu og hann breytir um takt í lífinu og nýtur lífsins með fólkinu sínu í stað þess að vera á sífelldum hlaupum.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Miðflokksins mætir daglega í líkamsræktina eins og alþjóð og tekur mataræðið í gegn, því hér er talað um ofsakvíða eða ótta sem hann tekst á við. Það er eitthvað ójafnvægi innra með honum og hann fær aðstoð hvað það varðar. Rödd hans er ekki eins hávæð árið fram undan og áður.

Flokkur fólksins missir fylgi. Niðurstaða kosninganna er þokukennnd en annað hvort mun flokkurinn ekki ná inn á þing eða fá algjöra lágmarkskosningu. Má þetta rekja til tilkomu Sósíalísta-flokksins sem tekur til sín



Alma Möller hverfur úr sviðsljósinu á árinu.

MYND/ANTON BRINK

stóran slurk af fylgi **Ingu Sæland**. Sósíalístaflokkurinn fær til liðs við sig kanónu úr verkalyðshreyfingunni sem verður þeim mikilvægur liðs-styrkur og hjálpar til við að koma þeim inn á þing. Ég sé það ganga eftir og munu þingmenn Sósíalista vera áberandi í pontunni á Alþingi á haustþingi. Inga Sæland í Flokki fólksins er hávær. Hún kallar og hrópar hér en hún fær ekki þá athygli eða stuðning sem hún gerir ráð fyrir. Hér reynist henni erfitt að sjá árangur erfiðis síns. Flokkurinn fær ekki hljómgrunn og Inga örmagnast.

Píratar munu mælast vel í könnunum fyrir kosningar, enda sækja þeir mikið fylgi til unga fólksins. Hins vegar hefur unga fólkið sögulega verið latt við að mæta á kjörstað og kjósa. Ég sé þó breytingu þar á, ekki gifurlega en þó svo nokkru munar. Ungu fólkið er betur upplýst í dag og kjörsókn á aldrinum 18-29 ára verður betri en undanfarna þrjá áratugi.

Vinstri græn og **Katrín Jakobsdóttir** bíða afhroð í kosningunum. Ég sé þó tveggja stafa tölu í framtíðinni en hún er í lægra falli. Líklega rétt rúmlega 10 prósent. Hjóna-band Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins lagðist illa í kjósendur á vinstri vængnum, sem finnst þeim ekki lengur stætt að fylgja Katrínu. Katrín þarf að verjast harðri gagnrýni langt fram eftir næsta ári og sífellt kveður minna að henni. Undir lok kjörtímabilsins er ljóst að Katrín hefur þurft að færa alvarlegar fórnir til að halda ríkisstjórnarsambandinu lifandi, fórnir sem hún sér eftir.

Svandís Svavarsdóttir þarf

Nýr borgarstjóri verður kona.

að verjast harðri gagnrýni í byrjun árs, svo harðri að hún hefur ekki upplifað viðlíka áður. Mun það leggjast verulega á hana andlega og mun valda því að hún lætur minna á sér kveða en þjóðin ætti að búast við í heimsfaraldri. Vekur það enn meiri gagnrýni. Ljós mun koma til Svandísar og hún tekur góða ákvörðun sem færir henni sátt á erfiðum tímum.

Sjálfstæðisflokkurinn spilar varnarleik í kosningunum og mælist áfram stærsti flokkurinn á Íslandi, þó minnkar fylgið lítið eitt sem torveldar honum að mynda starfhæfan meirihluta. **Bjarni Benediktsson** er áfram í broddi fylkingar og verður áberandi í eftirminnilegri kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins þar sem engu verður til sparað. Bjarni mun flytja ræðu í aðdraganda kosninganna þar sem hann nær að kreista fram eitt eilífðar smátár, en það mun vera sérgrein hans í kosningabaráttu.

Ungir nýliðar munu reyna að hrista upp í ásýnd Sjálf-

stæðisflokksins sem er orðin þreytt. Jafnvel sveitt. Eða bæði. Já bæði.

Brynjar Níelsson heldur sínu striki. Orðrómur mun ganga þess efnis að hann ætli að segja skilið við þingstörf en sá orðrómur reynist ekki á rökum byggður. Hann verður hins vegar ekki ráðherra, fremur en að vanda.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir** verða áfram í forystu flokksins, þó mun kveða meira að Þórdísi. Ég sé Áslaugu áfram reyna að setja niður fótinn í málefnum hælisleitenda við litlar vinsældir. Þarf hún að verjast gagnrýni og ásökunum um grimmd og mun það reynast henni þungbært. Ég sé hana taka sér gott sumarfrí þar sem hún leitar sér sálfræðiaðstoðar til að vinna úr reynslunni.

Ég sé líka nokkra umræðu skapast í aðdraganda kosninga um kostnað sem Sjálfstæðismenn hafa varið í almanna tengsl og samskiptaráðgjöf. Mun sú umræða skapa nokkra

trötryggni um trúverðugleika flokksins og sannleiksgildi loforða hans.

Samfylkingin bætir við sig fylgi svo nokkru munar. Hér kemur önnur sterk kona fram sem öflugur leiðtogi hjá Samfylkingu en það er hagfræðingurinn **Kristrún Frostadóttir**. Hennar reynsla úr bankaheiminum er hennar styrkur og mun hún vinna öflugt starf fyrir íslensku þjóðina þegar fram í sækir. Hún býður sig fram í Reykjavík og breytir andrúmsloftinu heldur betur. Hún fær góðan hljómgrunn sem leiðtogi og samviskusöm er hún og þess vegna tengir þjóðin við hana. Nokkur nýliðun verður í þingflokki Samfylkingar og sé ég **Ágúst Ólaf Ágústsson** hverfa á braut. **Logi Einarsson** vekur athygli í kosningabaráttunni fyrir að klæðast fatnaði með lóðréttum röndum en hingað til hafa rendurnar verið láréttar. Telja margir þetta vott um afstöðu hans að leiða flokkinn áfram með nýjum áherslum. Logi saknar þess að gefa sér tíma til þess að skapa og teikna. Hann þreytist á þófinu en gefst ekki upp.

Viðreisn bætir einnig við sig og þakka margir **Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur** fyrir það enda er hún sterk, en einnig hávær og skynsöm. Engar öfgar eru henni að skapi og hún lætur heldur betur í sér heyra árið fram undan. Fylgi Viðreisnar vex ekki eins hratt og hún hefði viljað. Þorgerður einblínir hér á heildina. Hún er eins og sálugur faðir hennar, sem stendur ávallt við hlið hennar og hún veit það, með hjarta sem slær í takt við fólkið í landinu og ef hún ákveður að ganga í takt við hjartslátt þjóðarinnar þá fyrst nær hún

í gegn. **Þorsteinn Víglundsson** er á öðrum slóðum og það hefur hefur veikt stöðu Viðreisnar.

Bæði Samfylking og Píratar reyna að fá **Andrés Inga Jónsson**, þingmann utan flokka, til liðs við sig en það gengur ekki eftir.

Að kosningum liðnum taka við æsispennandi viðræður um myndun meirihluta. Þar sé ég framtíðina afar óskýra og mun ráðast mikið af því hvort minni flokkarnir geti náð samstöðu gegn Sjálfstæðisflokknum. Þetta verða langar og strangar þreifingar þar sem ekkert er útséð fyrirfram. Ég sé þó að **Bjarni Benediktsson** verður ekki forsætisráðherra, jafnvel þó Sjálfstæðisflokkur myndi meirihluta. Það verður **Katrín Jakobsdóttir** ekki heldur.

Borgarstjórn heldur áfram að vekja athygli vegna illinda og stórra mála. Áfram verður tekist á um Borgarlínuna en sú umræða fellur þó í skuggann af stóru máli sem kemur upp á vordögum sem er enn eitt málið sem varðar framúrkeyrslu í framkvæmdakostnaði borgarinnar. Ég sé **Dag B. Eggertsson** segja af sér, ekki vegna hneykslis eða þess háttar heldur vegna langvarandi þreytu og heilsuþrestra. Dagur vill ný verkefni og bjartari daga. Nýr borgarstjóri verður kona.

Heilbrigðiskerfið

Menn fara ekki kollsteypur með heilbrigðiskerfið en há framlög til heilbrigðiskerfisins verða áberandi í kosningabaráttunni. Heilbrigðiskerfið, nýsköpun og loftslagsmál verða í brennidepli. Árið fram undan eru loftslagsmálin ekki lengur jaðarmál flokkanna því hér

eru allir flokkar með skýra sýn í þessum málaflokki.

Hvernig samfélag viljum við, spyr þjóðin? Endursköpun er svarið. Breytingarnar koma í veg fyrir að allt detti aftur í sama farið og áður. Íslenska þjóðin er hér undir regnboga og það er eins og við skynjum allt með hjartanu núna. Heilbrigð samskipti og samvinna. Meiri meðvitund og góð mannleg tenging. Ég sé nýsköpun fá aukid vægi í þjóðfélaginu, einkum í ljósi kreppunnar og atvinnuleysisins en margir stjórnámamenn munu boða nýsköpun sem svarið við efnahagsferfiðleikum þjóðarinnar.

Þríeykið hverfur eins skyndilega og það birtist af sviðinu, fara hér úr hvítu sloppunum og hér taka allt önnur verkefni við. Þjóðin er heil og þeirra framlag ekki þarft lengur.

COVID-19

Bólusetning fer vel af stað þegar efnið er loksins komið til landsins. Þrátt fyrir óvissu varðandi hvenær hjarðónæmi verður náð sýnist mér að hægt sé að aflétta flestum takmörkunum fyrir sumarið. Það er í júlí sem við erum endanlega laus úr þessari reynslu. Meirihluti þjóðarinnar kys bólusetningu. Engar hópsýkingar hér. Hér er birta og heilbrigði og styrkur.

Það vekur athygli þegar manneskja sem hefur mikið haft sig frammi varðandi sóttvarnaaðgerðir stjórnvalda og hefur talað gegn þeim sem og bólusetningum, veikist af COVID-19. Mun sú reynsla valda því að viðkomandi skiptir snarlega um skoðun og verður áberandi í að hvetja alla til að fara í bólusetningu.

Ég sé sláandi niðurstöður rannsókna um langtímaáhrif sjúkdómsins sem mun varpa nýju ljósi á eðli hans og afleiðingar. Mikið ákall verður frá þjóðinni um aukin endurhæfingarúrræði þar sem margir eru óvinnufærir eftir að veikjast af veirunni. Andlegi þátturinn veldur ótta.

Samherjamálið

Samherjaskjöldin hafa nú þegar dregið töluverðan dilk á eftir sér og hér er sýnt að ballið er rétt að byrja. Árið 2021 sýnir átakanlegt uppgjör þegar vorar og þá er talað um að grátt svæði verði annað hvort svart eða hvítt. Allt er uppi á yfirborðinu hér og menn bornir sökum. Heimsbyggðin fylgdist með fréttáflutningi af málinu. Lærdómur er numinn.

Helgi Seljan stendur uppi sem hetja – sterkari en nokkru sinni áður en andlegur styrkur er þverrandi. Stöðugt stríð tekur á. Helgi opnar sig á fyrri hluta árs og nýjar upplýsingar valda miklu fjadrafoki.

Lögregla og fangelsismál

Úrbóta er að vænta í fangelsismálum. Hér er meiri fagleg aðstoð við fanga. Aðgengi til dæmis að læknum, félagsráðgjöfum, sálfræðingum, náms- og starfsráðgjöfum er meira og betra.



Völvan sér þrjú hræðileg og myrk atvik á árinu.

MYND/EYÞÓR



Enn eru ekki öll kurl komin til grafar í Samherjamálinu.

MYNDIR/VALLI

Það er engin bólusetning við grimmd og sjálfselsku.

Betrún er raunhæfur kostur en breytingar verða á helstu ráðamönnum í fangelsismálum.

Ég sé nokkur stór mál koma upp er varða lögregluna. Ólafur Helgi Kjartansson verður ekki sóttur til saka fyrir það mál sem er til rannsóknar núna og mun stíga fram í eftirminnilegu viðtali þar sem hann varpar ljósi á stór vandamál innan lögreglunnar sem jaðra við spillingu. Athygli mun vekja að lögreglumönnum er refsað fyrir að tjá sig um innri mál lögreglunnar í opinberri umræðu og mun stéttarfélag lögreglumanna sæta gagnrýni fyrir að verja

ekki hag félagsmanna sinna. Þöggun og samtrygging verða til umræðu, en ég sé þó umræðuna fjara út án þess að hún leiði til breytinga. Því miður.

Annað mál varðar framgöngu lögreglumanna við handtöku þar sem deilt verður um hvort rétt hafi verið staðið að verki.

Ofbeldi og sársauki

Hér sé ég þrjú hræðileg og myrk atvik. Stúlkur tvær tynast á árinu á dularfullan hátt og leit mun standa yfir að þeim svo mánuðum skiptir þar til þær loksins finnast. Ekki sé ég hvar þær eru en þær fara yfir móðuna miklu af mannavöldum. Sorg mikil birtist hérna, já þjóðarsorg. Fjölskylduerjur í Reykjanesbæ verða til þess að maður á fullorðinsaldri er myrtur. Þá sé ég hér ungan mann í Reykjavík haldið sofandi á spítala að berjast fyrir lífi sínu eftir slagsmál og hræðilegt ofbeldi. Undirheimar láta lítið uppi eftir þetta atvik en það kemur aldrei upp á yfirborðið hvað gerðist í raun og veru.

Völvan horfir mæðulega á mig. Blanda af þreytu og uppgjöf. „Það er ljós og birta. Þetta verður ekki auðvelt ár en það verður gott í stóra samhenginu. Miklar breytingar en það er ljós og það er vilji hjá fólkinu. Ef það getur látið af fávitaskapnum og séð kærleikann. Það er engin bólusetning við grimmd og sjálfselsku. Mundu það,” segir hún að lokum og bandar hendinni að hurðinni. ■



BHM sendir landsmönnum óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár og þakkar samstarfið á vinnumarkaði.

Bestu bókarkápurarnar


Bókarkápan er það fyrsta sem fólk tekur eftir við hverja bók. Þó eigi skuli dæma bókina sjálfa af kápunni er vel hægt að dæma bókarkápu. Við fengum valinkunna aðila í dómnefnd til að velja fallegustu kápurarnar og þær frumlegustu í ár.



DÓMNEFND

Álfrún Pálsdóttir
kynningarstjóri Hönnunar-
miðstöðvar Íslands
Júlia Hvanndal
listrænn stjórnandi hjá Sahara
Jari (Jón Ari) Helgason
hugmynda- og hönnunarstjóri hjá
Brandenburg
Rebekka Líf Albertsdóttir
hönnuður og umbrotsmaður hjá
Torgi
Stefán Svan Aðalheiðarson
fatahönnuður og eigandi Stefáns-
búðar
Valgarður Gíslason
ljósmyndari hjá Torgi

FALLEGUSTU BÓKARKÁPURNAR



SNERTING


Hönnun: Ragnar Helgi Ólafsson
Höfundur: Ólafur Jóhann Ólafsson
Útgefandi: Bjartur

2

Fallegasta kápa jólabókaflóðsins í ár, sem talar svo inn í árið á sinn einfalda hátt. Snertingin sem hefur verið forboðin meirihluta ársins.

Spennandi nálgun í myndmáli. Bein vísan í titil bókarinnar en fléttar einnig saman fortíð og samtíma. Hefði verið svo auðvelt að fara í augljósustu myndbirtingar titils en hér er farið skrefinu lengra á frumlegan og fallegan hátt.

Frumleg nálgun á snertingu með dauðum hlutum sem verður samt innileg.



BLÓÐBERG

Hönnun: Alexandra Buhl
Höfundur: Þóra Karítas Árnadóttir
Útgefandi: Forlagið/JPV úgáfa

1

Dramatísk frásögn þarf dramatíska kápu. Falleg áferð og litasamsetningin upp á 10.

Söguþráðurinn í bókinni á sér stað á Íslandi í kringum aldamótin 1600. Höfuðstafurinn B minnir óneitanlega á íslenskar bókmenntir þess tíma og þegar nánar er að gáð eru þar fjötrar sem eru vísan í söguþráðinn. Áferð bókarinnar minnir á gamla strigapoka og glansfólían myndar skemmtilegan kontrast við áferðina.

Hér er hönnuður að nota efnivið bókarinnar í sjálfri kápunni á hugmyndaþéttan og kannski ekki svo augljósan hátt.



ÁRSTÍÐIR


Hönnun: Björn Loki Björnsson og Elsa Jónsdóttir
Höfundur: Karítas Hrundar Pálsdóttir
Útgefandi: Una útgáfuhús

3

Árstíðir er smásagnabók ætluð þeim sem tileinka sér íslensku sem annað mál. Forsíðan segir sínar eigin smásögur með íkonum sem saman mynda fallega og sterka heild. Út úr hverju ikoni má lesa fleiri en eina sögu. Letrið er látlaust en með sterkan persónuleika og hvert element styrkir það næsta.

Litasamsetning og letur einstaklega grípandi. Teikningar vel unnar og útfærslan þrýðileg, segir okkur að hér sé um að ræða smásögur á skemmtilegan máta.

FRUMLEGUSTU BÓKARKÁPURNAR



KONUR SEM KJÓSA
 Hönnun: **Snæfríð Þorsteinsdóttir og Hildigunnur Gunnarsdóttir**
 Höfundar: **Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir**
 Útgefandi: **Sögufélag**

2

EIN
 Hönnun: **Einar Geir**
 Höfundur: **Ásdís Halla Bragadóttir**
 Útgefandi: **Veröld**

1

DÝRALÍF
 Hönnuður: **Ólafur Unnar Kristjánsson**
 Höfundur: **Auður Ava Ólafsdóttir**
 Útgefandi: **Benedikt**

3

Hér eru hönnunarreglur þverbrotnar af einstakri list (að prenta svart letur á rauðan grunn) og útkoman er þrususterk baráttuforsíða. Hún tekur pláss, fangar athygli og í einfaldleika sínum kemur innihaldinu skýrt en ákveðið til skila. Hún er holdgerving kvennabaráttunnar. Letur, litaval og uppsetning til fyrirmyndar.

Kannski eina kápan í ár sem raunverulega á skilið að vera kölluð frumleg.

Bananakassar hafa sterka tengingu í þjóðarsálinu og áhugavert að nota sem aðalatriði á bókarkápu.

Ekki bara falleg kápa heldur stofustáss.

Einföld og ákaflega áberandi hönnun með skemmtilegu tvisti þegar hlífðarkápan er fjarlægð.



Einfaldur hverdagslegur hlutur eins og bananakassi getur verið þýðingamikill og fagur svona einn og yfirgefinn. Heillandi kápa sem gæti sómað sér í ramma.

Virkilega sterk og áhrifarík kápa. Hún er áberandi þrátt fyrir einfaldleikann.

Einmana „Ein“ er það fyrsta sem grípur augað. Bókin er í gulum gegnsæjum rykfrakka. Kápan sjálf er hvít og sé rykfrakkinn fjarlægður kemur í ljós að bókin heitir í raun Mein, en M-ið er gult og sést því ekki í gegnum gulan rykfrakkann. Skemmtilegt „páskaegg“ í hönnun.

FALLEGAR SEM VÖKTU EINNIG ATHYGLI

FRUMLEGAR SEM VÖKTU EINNIG ATHYGLI:



GRÍSAFJÖRÐUR
 Hönnun: **Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir**
 Höfundur: **Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir**
 Útgefandi: **Salka**

Dásamlegar teikningar Lóu heilla mig mikið og þessi kápa alveg sagnar mann að sér, litrík og spennandi. Lýsir bókinni líka vel, sem er nú markmiðið.

Lóa klikkar ekki frekar en fyrri daginn og kápuna á bókinni gæti hún selt sem sér verk. Það er einhver dásamlegur og viðkunna- legur húmor sem einkennir verk Lóu og sést glögg á þessari kápu og skilar sér í sögunni sjálfri.

FUGLINN SEM GAT EKKI FLOGIÐ
 Hönnun: **Alexandra Buhl**
 Höfundur: **Gísli Pálsson**
 Útgefandi: **Forlagið/MM**

Ótrúlega fallett myndverk sem prýðir þessa bók sem fangar innihaldið fullkomlega.

Málverk á forsíðunni af fuglinum fræga, sem nú er bara til á myndum. Gefur honum líf á þann hátt sem hann á skilið.

MÖRGÆS MED BROSTIÐ HJARTA
 Hönnun: **Anna Margrét Marinósd.**
 Höfundur: **Stefán Máni**
 Útgefandi: **Sögur útgáfa**

Ekki það sem maður býst við frá Stefáni Mána en mjög skemmtileg kápa.

Áhugaverð kápa sem verður til þess að maður vill vita meira.

107 REYKJAVÍK
 Hönnun: **Ragnar Helgi Ólafsson**
 Höfundar: **Auður Jónsdóttir og Birna Anna Björnsdóttir**
 Útgefandi: **Bjartur**

Falleg litasamsetning og myndaval sem myndar einhverja dyst- ópíska og útópíska veröld. Hef ekki lesið bókina, en kápan er forvitnileg.

Virkilega spennandi kápa sem þarf að staldra við og skoða.

MÖNDULHALLI
 Hönnun: **Elín Edda Þorsteinsdóttir**
 Höfundur: **Ýmsir**
 Útgefandi: **Una útgáfuhús**

Skemmtileg nálgun á myndlíkingu. Falleg litasamsetning og forvitnileg kápa.


Falleg og vel leyst myndskreyting. Samspil skemmtilegs og frumlegs leturs hönnuðar, líta og teikninga hönnuðarins mynda samstæða heild.

ÁSTARÆVINTÝRI OG SKILNAÐIR ÁRSINS

Þó svo að landsmenn eyddu stórum hluta ársins innilokaðir og líkurnar á skemmtistaðasleik færu sífellt minnkandi tókst Amor að skjóta nokkrum örvum. Ár ástarinnar hefur verið viðburðaríkt, hvort sem ný ævintýri hófust eða ástin rann sitt skeið.



MYND/SIGTRYGGUR



MYND/ARNPÓR

BENNI OG TINNA


Leikstjórinn og kvikmyndaundrið Benedikt Erlingsson og leikkonan, verkefnastjórinn og framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins, Tinna Lind Gunnarsdóttir, urðu að einu glæsilegasta pari landsins í ár.

BINNI LÖVE OG EDDA FALAK

Brynjólfur fann ástina á ný í örvum CrossFit-stjórnunnar Eddu Falak í lok árs.

MANUELA OG JÓN DANSARI

Athafnakonan Manuela Ósk Harðardóttir og dansarinn Jón Eypór Gottskálksson felldu saman hugi við tókur á þáttunum Allir geta dansað á Stöð 2 haustið 2019. Þau opinberuðu samband sitt í byrjun árs en leiðir þeirra skildi í vor.




MYND/INSTAGRAM



MYND/HANNA



MYND/ADSEND




MYND/INSTAGRAM

BINNI LÖVE OG KRISTÍN

Áhrifavaldaparið Brynjólfur Löve Mogensson og Kristín Pétursdóttir hættu saman á fyrri hluta árs. Þau eiga saman son og voru áberandi á samfélagsmiðlum. Kristín er leikkona og Brynjólfur starfar sem markaðsstjóri KIWI.



MYND/SAMSETT DV



MYND/INSTAGRAM

KRISTÍN SIF OG AARON


Útvarps- og íþróttakonan Kristín Sif Björgvinsdóttir varð ástfangin af hinum bandaríska Aaron Kaufman í byrjun árs.

MANUELA OG EIDUR

Í byrjun júlí komu fyrstu fregnir um að Manuela hefði nælt sér í kvikmyndaframleiðandann Eið Birgisson. Það leið ekki á löngu þar til parið staðfesti fréttirnar. Þau eru flutt saman og hafa verið dugleg að flagga ást sinni með fylgjendum sínum á samfélagsmiðlum. Þau innsigliðu ástina á árinu með stórum húðflúrum með nöfnum hvort annars svo ljóst er að hamingjan er allsráðandi.

ANNA LILJA OG GRÍMUR

Athafnakonan Anna Lilja Johansen og Grímur Alfreð Garðarsson, einn eigandi Bestseller-veldisins, ákváðu að fara hvort í sína áttina í ár.




MYND/FACEBOOK

SVANHILDUR OG GRÍMUR

Seint á árinu byrjaði Grímur að rugla saman reytnum með athafnakonunni Svanhildi Nönnu Vigfúsdóttur, sem er fyrrverandi stjórnarformaður VÍS og fyrrverandi hluthafi í Skeljungu.



MYND/ERNIR




MYND/FACEBOOK

BADDI OG SUNNA

Tónlistarmaðurinn Bjarni Lárus Hall, betur þekktur sem Baddi, og Sunna Sæmundsdóttir byrjuðu saman í ár. Baddi er þekktastur fyrir að vera söngvari hljómsveitarinnar Jeff Who? Sunna er rísandi stjarna í fjölmiðlaheiminum og fréttamaður hjá Stöð 2 og Vísi.



MYND/INSTAGRAM



MYND/STEFÁN



MYND/ÞASEND

BRÍET OG DÓRI

Bríet Ísis Elfar, ein efnilegasta söngkona landsins, hætti með kærasta sínum, Halldóri Karlssyni, eða Dóra eins og hann er kallaður, fyrri hluta árs. Þó að sambandslitin sjálf hafi ekki vakið gífurlega athygli á sínum tíma,

þá ættu flestir landsmenn að vita af þeim nú, þar sem Bríet söng um ástarsorgina á nýjstu plötu sinni, Kveðja Bríet. Platan hefur vakið mikla lukku hjá hlustendum, sérstaklega fyrir hversu einlæg og falleg hún er.

BRÍET OG RUBIN

Bríet varð ástfangin í ástarsorg. Hún byrjaði með Rubin Pollock, gítarleikara Kaleo, í sumar.

LINDA PÉ Á LAUSU

Alheimsfegurðardrottningin, frumkvöðullinn og markþjálfinn Linda Pé varð einhleyp seinni hluta árs.

SAGA SIG OG VILLI

Einn vinsælasti tískuljósmyndari landsins, Saga Sigurðardóttir, og tónlistarmaðurinn Vilhelm Anton Jónsson, betur þekktur sem Villi Naglbítur, hættu saman eftir rúmlega árs samband. Saga þykir ein eftirsóttasta einhleypa kona landsins.



MYND/SAMSETT DV

ÁSDÍS RÁN OG JÓHANN WÍUM

Fyrirsætan og athafnakonan Ásdís Rán varð einhleyp á ný í ár. Hún var áður í sambandi með athafnamanninum Jóhanni Wíum, en það slitnaði upp úr því í vor.



MYND/ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR



MYND/SAMSETT DV

BJÖRG OG TRYGGVI

Sjónvarpsstjarnan og handritshöfundurinn Björg Magnúsdóttir og auglýsingahönnuðurinn Tryggvi Þór Hilmarsson byrjuðu saman í ár.



MYND/HANNA



MYND/HANNA

MYND/INSTAGRAM

SVALA BJÖRGVINS OG GAUTI

Tónlistarkonan og tískudivan Svala Björgvinsdóttir og Guðmundur Gauti Sigurðarson, alltaf kallaður Gauti, hættu saman í sumar eftir tveggja ára samband.

SVALA BJÖRGVINS OG KRISTJÁN EINAR

Í lok sumars var Svala komin með nýjan kærasta, Kristján Einar Sigurbjörnsson sem er 22 ára faðir og sjómaður frá Húsavík. Samband þeirra vakti mikla athygli vegna aldursmunarins, sem er 21 ár. Þau trúlofuðu sig núna í desember.

SNÆFRÍÐUR OG HÖGNI

Snæfríður Ingvarsdóttir, ein efnilegasta leikkona landsins, og hinn hæfileikaríki Högni Egilsson, söngvari Hjaltalín, hættu saman í byrjun sumars eftir sex ára samband. Það leið þó ekki á löngu þar til leiðir þeirra lágu saman aftur og þau fundu ástina á ný. Þau hafa sést geislandi af ást, hönd í hönd í miðborginni.




MYND/ÞASEND



MYND/ERNIR

STJÖRNUBÖRN ÍSLANDS 2020

Þó að margir muni hugsa til ársins 2020 sem versta árs aldarinnar var það ekki svart fyrir alla. Það komu fjölmargir gleðigjafir í heiminn sem lýstu upp veröld foreldra sinna og nákominna. Hér eru börn þekkra Íslendinga sem komu í heiminn á árinu.



KRISTBJÖRG OG ARON EINAR

Landsliðsmaðurinn Aron Einar Gunnarsson og einkaþjálfarinn Kristbjörg Jónasdóttir buðu sitt þriðja barn velkomið í heiminn 1. október. Fyrir áttu þau tvo syni, þá Óliver og Tristan. Þau vissu ekki kynið fyrir fæðingu og var þetta drengur, hann fékk nafnið Alexander Malmquist Aronsson.

SVERRIR OG KRISTÍN

Söngvarinn Sverrir Bergmann og Kristín Eva Geirsdóttir eignuðust sitt fyrsta barn í febrúar. Stúlkan fékk nafnið Ásta Bertha Bergmann.

SÓLVEIG OG JAKOB

Jakob Birgisson grínisti og Sólveig Einarsdóttir hagfræðingur eignuðust dóttur í nóvember sem fékk nafnið Herdís. Jakob hefur slegið í gegn í skemmtanabransanum um árabíl með uppstandi sínu, Meistari Jakob. Hann var einnig einn af höfundum Áramótaskaupsins í fyrra.

FANNEY INGVARSSON OG TEITUR

Fyrirverandi feðurárdrottningin og áhrifavaldurinn Fanney Ingvarsdóttir og unnusti hennar Teitur Páll Reynisson eignuðust dreng þann 23. október síðastliðinn. Þau áttu fyrir eina dóttur, Kolbrúnu Önnu.

HÖRÐUR OG MÓEIÐUR

Landsliðskappinn Hörður Björgvin Magnússon og Móeiður Lárusdóttir eignuðust sitt fyrsta barn í maí, hana Matteu Móu Harðardóttur.

STEINDI OG SIGRÚN

Fjölskylda leikarans Steinþórs Hróa Steinþórssonar og Sigrúnar Sigurðardóttur stækkaði í maí. Þau buðu sína aðra dóttur velkomna í heiminn, hana Matthildi Yrsu.

HELGA OG BRAGI

Dagskrárgerðarkonan Helga Arnardóttir og Bragi Þór Hinriksson eignuðust dreng í byrjun árs, þann 2. janúar. Það er því ansi stutt í fyrsta afmælið. Drengurinn fékk nafnið Jakob Örn og var skírður á 17. júní, afmælisdegi móður sinnar.

MARGRÉT GNARR OG INGIMAR

Einkaþjálfarinn Margrét Edda Gnarr og unnusti hennar Ingimar Eliasson eignuðust son þann 13. janúar. Drengurinn fékk nafnið Elías Dagur Ingimarsson.

SKÚLI MOGENSEN OG GRÍMA BJÖRG

Skúli Mogensen og Gríma Björg Thorarensen eignuðust sitt fyrsta barn saman þann 6. maí síðastliðinn. Skúli er fyrrverandi forstjóri WOW air og Gríma er innanhússhönnuður. Sonurinn fékk nafnið Jaki Mogensen.

ÞURÍÐUR BLÆR OG GUÐMUNDUR

Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Guðmundur Felixson eignuðust son þann 13. júní. Þetta var fyrsta barn þarsins og fékk drengurinn nafnið Arnaldur Snær Guðmundsson. Þuríður Blær er leikkona og meðlimur Reykjavíkurdætra. Hún hefur slegið í gegn í vinsælu þáttaröðinni Ráðherrann. Guðmundur er vinsæll spuna-leikari sem hefur verið að gera það gott með Improv Ísland. Hann er sonur leikarans Felix Bergssonar.

ARNÓR DAN OG VIGDÍS HLÍF

Arnór Dan Arnarsson, söngvari Agent Fresco, og Vigdís Hlíf Jóhannsdóttir eignuðust dóttur þann 17. október síðastliðinn. Stúlkan fékk nafnið Hanna Lillý Arnórsdóttir.

HANNA RÚN OG NIKITA

Dansparið Hanna Rún Bazev Óladóttir og Nikita Bazev eignuðust stúlku í byrjun árs, þann 6. janúar. Stúlkan kom þegar Hanna Rún var gengin rúmlega tvær vikur yfir settan dag. Stúlkan fékk nafnið Kíra Sif Bazev og vakti skírnarveislan mikla athygli fyrir að vera sérstaklega glæsileg og með glimmerþema.

HAFFÓR JÚLÍUS OG KELSEY

Kraftajötunninn Haffór Júlíus og eiginkona hans Kelsey Henson eignuðust dreng 26. september síðastliðinn. Drengurinn fékk nafnið Stormur Magni. Nýlega hittu litla fjölskyldan aðra litla fjölskyldu, eins og sjá má á myndinni.

ANNIE MIST OG FREDERIK

CrossFit-stjarnan Annie Mist Þórisdóttir eignuðust dóttur 10. ágúst með unnusta sínum Frederik Aeigidius. Stúlkan fékk nafnið Freyja Mist Aeigidius.





G·U·M[®]

HaliControl[®]



Andremma?

Þjáist þú af langvarandi andremmu?

Þú færð lausn á vandamálinu með **GUM**[®] HaliControl[™].

Háþróaðar vörur sem vinna sérstaklega á andremmu. Kemur jafnvægi á munnvatnsflæði og útrýmir bakteríum sem valda andremmu. Fljótverk og langvarandi áhrif.

Fáðu hreinan og fríska andardrátt með **GUM**[®] HaliControl[™].

Stórstjörnurnar hneyksluðu á árinu

Árið var sannkölluð rússíbanareid fyrir alla, en fyrir Ellen DeGeneres, Harry og Meghan, Britney Spears, Andrew prins og Kanye West, var árið sérlega erfitt. Þau voru á milli tannanna á fólki allt árið og er óhætt að segja að þau séu flækt í stærstu stjörnuskaðala ársins.

Ellen DeGeneres

G rínistinn Ellen DeGeneres hefur undanfarin sautján ár stjórnað þættinum The Ellen DeGeneres Show. Þátturinn hefur verið gríðarlega vinsæll, en þegar fór að líða á árið var áhorf þáttarins í frjálsu fjalli í kjölfar harðrar gagnrýni. Ellen var sökuð um rásma, einelti og að stuðla að neikvæðu vinnuumhverfi bak við tjöld þáttarins.

Það mætti segja að upphafspunkturinn hafi verið í mars, þegar samfélagsmiðla-stjarnan Nikkie de Jager lýsti upplifun sinni sem gestur í The Ellen DeGeneres Show. Hún sagði að Ellen hefði ekki heilsað sér fyrir þáttinn og að allir gestir þáttarins hefðu fengið eigið klósett, en ekki hún. Nikkie kom í þáttinn til að ræða um opinberun sína sem transkona, en þar til hún greindi frá því hafði það verið leyndarmál.

Eftir þetta fór boltinn að rúlla. Sögur um starfshætti hennar og karakter fóru á flugum um Twitter. Fyrrum starfsmenn þáttarins fóru ófögurum orðum um hegðun hennar.

Andrew Bretaprins

Andrew Bretaprins hefur verið talsvert í kastljósinu í ár vegna tengsla sinna við bandaríska auðkínginn og barnaníðinginn Jeffrey Epstein. Hann hefur verið sakadur um að hafa nýtt þjónustu Jeffrey til að fá aðgang að ungum stúlkum, jafnvel barnungum, til að misnota. Prinsinn hefur neitað þessu, en undanfarin misseri hafa sífellt komið fram nýjar frásagnir og gögn renna stóðum undir ásakanirnar og hafa dregið úr trúverðugleika hans.



Ellen DeGeneres mætti aftur á skjáinn eftir nokkurra mánaða pásu.

MYND/GETTY

Margir sögðu hana taka einhvern einn starfsmann fyrir á degi hverjum og nýju starfsfólki var ráðlagt að „láta sig hafa það, því að á morgun verði það einhver annar.“

Með hverri vikunni virtist sífellt bætast í hóp þeirra sem voru ósáttir við Ellen. Meðal

þeirra var fyrrum lífvörður hennar, Tom Majerack, sem sagði hegðun hennar hafa verið „niðrandi“ í garð hans.

Í júlí ræddi BuzzFeed News við tíu fyrrverandi starfsmenn og einn sem vann enn hjá þættinum og sögðust þeir hafa upplifað kynþáttafordóma á

tökustað, ekki fengið veikindadaga greidda og ekki þorað að kvarta undan aðstæðum.

Í ágúst voru þrjár háttsettir framleiðendur reknir frá þættinum og sett var af stað rannsókn til að komast til botns í málinu. Í kjölfarið bað Ellen starfsfólk sitt af-



Hjónin á góðri stundu á Met Gala árið 2019.

MYND/GETTY

Kanye West

Það var erfitt ár fyrir rapparann Kanye West. Slúðurmiðlar sögðu hjónaband hans og raunveruleikastjörnunna Kim Kardashian vera á hálum ís, hann bauð sig fram til forseta Bandaríkjana, en hlaut aðeins um 60 þúsund atkvæði og svo olli hann fjaðrafoki á Twitter.

Hann sakaði meðal annars eiginkonu sína um að hafa reynt að læsa hann inni. Fjölmiðlar drógu þá ályktun frá

Twitter-færslum hans að hann væri að upplifa maníu á háu stigi. Rapparinn hefur verið opin um geðræn vandamál sín og að hann sé með geðhvarfasýki.

Kim birti í kjölfarið yfirlýsingu á Instagram þar sem hún bað fólk um að sýna Kanye og fjölskyldu þeirra skilning á þessum erfiðu tímum.

Samkvæmt slúðurmiðlum vestanhafs lifa nú hjónin „sitt-hvoru lífinu“.

sökunar og kjör starfsmanna voru bætt.

Margt úr fortíð Ellenar kom einnig aftur upp á yfirborðið, meðal annars frægt viðtal hennar við stórsöngkonuna Mariuh Carey árið 2008. Ellen hálfpartinn neyddi söngkonuna til að staðfesta að hún væri ólétt, eitthvað sem hún vildi ekki opinbera og viku seinna missti Mariah fóstrið og þurfti að tilkynna það í kjölfarið. Mariah opnaði sig um viðtalið alræmda við Vulture í september.

„Mér fannst þetta ótrúlega óþægilegt. Það er það eina sem ég get sagt. Og ég átti mjög erfitt með að glíma við það sem kom á eftir,“ sagði hún.

Nokkrar stjörnur stigu fram henni til varnar og lýstu stuðningi við hana. Þar á meðal Kevin Hart, Katy Perry og Steve Harvey.

Ellen sneri til baka á skjáinn í september og byrjaði á því að biðjast afsökunar. Það var í fyrsta og eina skiptið sem hún hefur tjáð sig opinberlega um málið. Hún greindist með COVID í byrjun desember.



Andrew Bretaprins og Jeffrey Epstein að ræða saman.

MYND/GETTY

lögreglan FBI handtók hana í byrjun júlí. Hún er grunuð um að hafa útvegað Epstein fjölda ungra stúlka sem hann nauðgaði og beitti kynferðislegu ofbeldi. Hún er einnig grunuð um að hafa sjálf tekið þátt í kynferðisofbeldinu.

Í 417 blaðsíðna yfirheyrslu yfir Ghislaine komu fram nýjar og áður óbirtar upplýsingar um meint kynferðisofbeldi Andrew gegn Virginíu.

Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum

• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer

Einnig hægt að hringa í sími 775 6080



LED
Húsnúmer

Led húsnúmerin er einnig hægt að skoða og versla hjá Skómeistararnum í Smáralind



Britney hefur ekki verið sjálfráða síðan 2008.

MYND/GETTY



Foreldrarnir Meghan og Harry með soninn Archie.

MYND/GETTY

Frelsisbaráttu Britney Spears

Það eru tólf ár síðan söngkonan Britney Spears var nauðungarvístuð á geðdeild og svipt sjálfræði eftir taugaáfall, sem var fjallað grimmt um í slúðurmiðlum um heim allan.

Britney hefur hvorki sjálf-ræði né fjárræði og hafa faðir hennar og lögfræðingur verið lögráðamenn hennar síðustu 12 ár.

Britney reyndi að komast undan klóm föður síns í ár og aðdáendur hennar hófu #Free-Britney herferðina á samfélagsmiðlum. Herferðin var afar áberandi á samfélagsmiðlum í ár og héldu aðdáendur stjórnunnar því fram að henni væri haldið fanginni gegn vilja sínum.

Myndbönd Britney á samfélagsmiðlum hafa verið miðpunktur í herferðinni og töldu margir að þar væri að finna dulin skilaboð.

Pekktasta dæmið var þegar Britney ákvað að klæðast gulum bol í myndbandi á Instagram. Í myndbandinu lagði hún sérstaka áherslu á bolinn. „Ég var svo spennt að fara í uppáhalds gula bolinn minn að ég varð bara að deila því.“ Seinna kom í ljós að aðdáandi hafði sent henni skilaboð um að klæðast gulum bol í næsta myndbandi væri hún í einhverri hættu. Þetta og fleiri svipuð atvik blésu samsæriskeningum og #FreeBritney-herferðinni byr undir báða vængi.



MYND/GETTY

Lögmenn hennar sögðu fyrir rétti að hún væri hrædd við hann.

Faðir Britney, Jamie Spears, var lögráðamaður hennar frá 2008 til 2019, hann þurfti að stíga til hliðar vegna veikinda og tók umboðsmaður Britney, Jodi Montgomery, við keflinu.

Í ágúst 2020 óskaði Britney eftir því að faðir hennar myndi ekki fá að taka aftur við sem lögráðamaður hennar, hún sagðist frekar vilja að Jodi myndi halda áfram. Britney segist ekki tala við föður sinn og lögmenn hennar sögðu fyrir rétti að hún væri hrædd við hann.

Dómstóll í Bandaríkjunum vísaði kröfu hennar frá í nóvember og fékk faðir hennar aftur lögræði yfir henni. ■

#FREEBRITNEY

Aðdáendur Britney Spears mótmæltu að faðir hennar myndi verða aftur lögráðamaður hennar og vildu að Britney yrði „frelsuð“ undan honum.

Megxit

Fjölmíðlar víða um heim töluðu um lítið annað í byrjun árs en að hertogahjónin, prins Harry og Meghan Markle, ætluðu að stíga til hliðar frá konunglegum skyldum sínum og flytja til Kanada.

Sagt var að konungsfjölskyldan væri í sárum, en hertogahjónin tilkynntu skyndilega um brottför sína, án þess að bera hana undir neinn.

Það var afar þungt yfir höllinni í byrjun árs og er óhætt að segja að ákvörðun þeirra olli fjaðrafoki. Samkvæmt breskum fjölmiðlum var Elísabet Bretlandsdrottning verulega vonsvikin með ákvörðun þeirra.

Sögur segja að hjónin hafi ætlað sér að stíga fram í viðtali og útskýra ákvörðun sína og óttuðust margir að Meghan myndi ljóstra upp fordómum sem hún hefði orðið fyrir innan fjölskyldunnar vegna húðlitar síns. Það varð ekkert úr því viðtali.

Harry og Meghan sögðust vilja eiga meira einkalíf og þess vegna hefðu þau tekið þessa ákvörðun. En hvort það hefur gengið eftir er erfitt að meta.

Þau voru stöðugt á milli tannanna á fólki allt árið og vildi stór hluti Breta að hjónin yrðu svipt titlunum hertogi og hertogaynja af Sussex.

Í september var tilkynnt að Harry og Meghan hefðu gert samning við streymisveituna Netflix um að gera mismunandi þætti, meðal annars heimildarmyndir, kvikmyndir, þætti og barnaefni.

„Okkar markmið verður að skapa fræðandi efni sem veitir fólki líka von. Sem foreldrum þykir okkur mikilvægt að gera efni fyrir alla fjölskylduna,“ sögðu þau í tilkynningu um samstarf sitt við Netflix.

Fjölskyldan dvaldi á árinu í Kanada, Beverly Hills, Santa Barbara og á einnig heimilið Frogmore Cottage í Windsor.

Harry og Meghan notuðu

NETFLIX

Harry og Meghan hafa gert samning við Netflix.

MEGXIT

Megxit var á vörum allra þetta árið.



MYND/GETTY



MYND/SKJÁSKOT



MYND/SKJÁSKOT

SLÆM ÚTREIÐ

Harry og Meghan hafa verið mikið á milli tannanna á fólki undanfarið ár og hafa þau fengið sérstaklega slæma útreið hjá breskum fjölmiðlum.

nýfunduð frelsi sitt til að tala um málefni sem þau brenna fyrir.


Meghan talaði um morðið á George Floyd og þau ræddu saman um mikilvægi þess að nýta kosningarétt sinn fyrir forsetakosningar Bandaríkjaanna í byrjun nóvember.

FRÍSKANDI BRAGÐ!



WRIGLEY'S
Extra[®]

TYGGÐU EXTRA EFTIR
HVERJA MÁLTÍÐ UM JÓLIN

 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætufrnis í tyggigúmmii

HELGAR KROSSGÁTAN


		GRIPUR	FUGL	RÍKI Í ARABÍU	VEGSAMA	REIÐUR
		FLJÓT	BLAÐ		KANNA	
HÆGLÆTI						
DRYKKUR						
				SNÖKT		
NÖLDRA				TÓN-TEGUND		
HÆRRI				HRÓSA		
			6	AÐFERÐ		
				ÓFÁ		
ÞVOGL		BADA	STARA			VIÐBÓT
	MÁL-EINING	ÚTFÖR		STJÓRN-PALLUR	ÍPRÓTTA-FELAG	
	DÁÐ				RÓGUR	
TÆPLEGA				TROSNA		4
SÍÐUR				SPJALLA		
				ÓHLJÓÐ		
				1		
		RÁÐA-GERÐIR			ÞUS	
		BORG			LOFTFAR	
TVEIR EINS		PREYTA			MYGLA	
		FLÍK			GEIGUR	
SKYNJA		3				
GOSMÖL			FISKUR		AÐ	
					VÍSA LEIÐ	
			KRÚS			
				PÖSSUN		
				TÓNLIST		ALDRADI
		HLJÓÐ-FÆRI			BOKKA	2
		KVK NAFN			UPPNÁM	
RAKI				FJÁÐ	5	
DYLJA				ÖRÐU		
						EINSAMALL
						VERKUR-INN
			GAUR	7		
			KOSIÐ			
					ÞÓ	
					ÞORPARA	
Í RÖÐ			RÓRILLA			
FLJÓTT			KVEIKJARI		HRAPA	
					BLEK	
			STINGA			TRÉ
ÓBYGGÐIR		ELDSNEYTI			VIÐSKIPTA-VINUR	
		ÓÐ			ÓTTAST	SKYLDIR
			SEFAST			MISKUNN
			HREKJA			



Verðlaunahafi síðustu helgarkrossgátu

Þórunn Erla Sighvats, Akranesi

Rétt svar við gátu vikunnar skal senda á krossgata@dv.is ásamt nafni, símanúmeri og heimilisfangi.



Verðlaun fyrir rétt svar er Silkiormurinn eftir Robert Galbraith.

Þegar rithöfundurinn Owen Quine gufar upp kallar kona hans á einkaspæjarann Cormoran Strike til að upplýsa málið. Hann hefur áður látið sig hverfa í nokkra daga og hún vill bara að hann komi aftur heim. Strike kemst fljótt að því að Quine hafði nýlengi við handrit að eldfimri bók sem mun leggja líf margra í rúst og því er það ýmsum kappsmál að ekkert verði af útgáfunni. Og þegar afskræmt lík Quines finnst við ógnvekjandi kringumstæður fer allt á fleygi-ferð; Strike þarf að reyna að átta sig á hvað liggur að baki hryllilegu athæfi miskunnarlaus morðingja ... Mögnuð glæpasaga sem kemur stöðugt á óvart.

Robert Galbraith er höfundarnafnið sem metsöluhöfundurinn J.K. Rowling notar á bækur sínar um ævintýri hins sérstæða einkaspæjara Cormorans Strike. Bækurnar hafa selst í milljónum eintaka víða um heim. Brontë Film and Television hefur framleitt vandaða og vinsæla sjónvarpsþætti um Strike fyrir BBC og HBO.

Uggi Jónsson þýddi.

SUDO KU

Lausnarorð þessarar helgarkrossgátu er:

1 2 3 4 5 6 7


		8	2	5			
			6		9		
4	1			3			
			1				4
2			5		6		
	3	5	4	6			7
		9					2
	7	2					
						4	3

2		5		4		3	
	8				5		4
		3	9	8		2	
	4		6			7	
							1
						9	8
							6
							3
8		9		2		4	
5			7				

Lausn síðustu helgarkrossgátu

			H	B	L	U	S	T	A	F
			B	Y	R	J	A	V	E	R
			G	R	A	D	E	Y	D	A
			Æ	G	I	R	F	I	M	U
			J	A	N	M	O	T	I	R
L	V	S	A	M	T	A	L	H	I	
E	F	A	S	T	E	S	K	O	T	I
V	I	L	L	I	S	K	R	A	T	Ú
S	Æ	T	T	A	R	Æ	K	S	N	R
U	N	N	A	H	L	I	T	A	S	P
J	Á	R	A	U	S	A	A	R	G	A
B	O	L	G	A	L	A	N	D	S	E
E	Ð	A	L	D	I	V	A	N	E	G
F	U	R	Ð	A	A	D	I	L	I	T
M	E	I	Ð	U	R	B	A	K	S	A
			O	M	A	R	G	U	R	

ÁRAMÓTA spáin



Hrútur

21.03. – 19.04.

Ástin

Það er lögð áhersla á sjálfsástina hjá hrútnum, þegar hann sinnir henni stigmagnast ástin alls staðar annars staðar eins og kraftmikill segull. Hrúturinn þarf að láta af harðri sjálfs gagnrýni og niðurrifi og einblína á styrkleika sína, til að kynda kraftinn sem býr í brjósti hans.

Framinn

Það er mikil orka sem fylgir Hrútnum og ef það er einhver sem elskar áskoranir, þá er það hann. Hann er ótrúlega klár og fær viðurkenningu fyrir hæfileika sína á þessu ári. Þær áhættur sem þú hefur tekið í starfi munu borga sig margfalt.

Fjármálin

Það verður nokkuð mikill stöðugleiki í fjármálum og ekki eins mikil óvissa eins hefur verið. Þú ert smátt og smátt að byggja þig upp eftir líðandi ár, en það fer alls ekki illa um þig og þína.

Heilsan

Þín áhersla fyrir komandi ár er betri andleg líðan. Þú ert grjótharður einstaklingur sem hefur þurft að taka á ýmsu og loks býrðu þér til það andrými sem þú þarft til að huga betur að sálarmálum. Með því gengur allt betur upp hjá þér.



Naut

20.04. – 20.05.

Ástin

Svolítið eins og hjá Hrútnum, um leið og þú leggur áherslu á sjálfsástina mun öll önnur ást blómstra. Þú ert að finna þig á ný eftir ný hlutverk í lífinu og nýtur þess að gefa þér tíma í að uppfylla þínar langanir og þrjár.

Framinn

Þú ert tilbúið til þess að taka áhættur og prófa þig áfram í verkefnum sem þig hefur lengi langað að láta verða af. Þessi skref munu fylla þig sjálfstrausti og opna nýjar dyr. Þú færð gott tilboð í febrúar.

Fjármálin

Þú ert afar nægjusamt en ert nú loks tilbúið til þess að þiggja meira og leggur meiri áherslu á að auka lífsgæði þín. Það kostar vinnu. Þig langar að eiga fallett heimili og góðan bíl og ert tilbúið til þess að leggja mikið á þig til þess að uppfylla þá drauma á árinu. Gott hjá þér!

Heilsan

Margir munu á árinu leggja meiri áherslu á andlega heilsu. Þú kemur því til með að prófa óhefðbundnar leiðir í andlega heiminum sem munu hjálpa þér verulega mikið, með því að sjá heiminn í nýju ljósi og gera upp gömul mál. Daglegar göngur hjálpa þér að hreinsa hugann og endurnýja orku í janúar.



Tvíburi

21.05. – 21.06.

Ástin

Ástin blómstrar og þér líður vel með þínu fólki. Þú munt opna þig meira en venjulega og ert tilbúinn til þess að ræða tilfinningar þínar. Þessi mjúka, viðkvæma hlið fer þér vel og hjálpar þér að sleppa fortíðinni og takast á við betri tíma.

Framinn

Tvíburinn fer á flug með hugmyndir inn í árið. Þú nærð varla fókus, það er svo margt sem þig langar að verði að veruleika. Lítil gæluverkefni munu vinda upp á sig og verða mögulega að nýjum rekstri.

Fjármálin

Þú ert heppinn að vera fjölhæfur því þú þarft stundum að þúsla saman til þess að ná endum saman. En þú ert á réttu braut með að ná undir þig styrkum fótum. Ég sé fyrir mér stöðuhækkun um mitt árið.

Heilsan

Þú munt hafa meiri áhuga á því að styrkja innri kjarna. Íþróttir eins og pilates, jóga, Thai Chi og þess háttar styrktaræfingar vekja áhuga þinn og munu aðstoða þig við einbeitingu. Leggðu áherslu á að styrkja bak og kvið.

10. janúar
Fullt tungl

24. janúar
Nýtt tungl

9. febrúar
Fullt ofurtungl

23. febrúar
Nýtt tungl

9. mars
Fullt ofurtungl

20. mars
Vorjafndægur

24. mars
Nýtt tungl

8. apríl
Fullt ofurtungl



Krabbi

22.06. – 22.07.

Ástin

Krabbin heldur áfram að gefa af sér og ástin endurspeglast. Núverandi sambönd verða dýpri og fallegri því það er svo magnað að vera berskjaldaður því það gefur öðrum styrk.

Framinn

Sumir þurfa að hafa aðeins meira fyrir hlutunum en aðrir. En við trúum því innilega að það sé ekki meira á mann lagt en maður í raun ræður við. Það sem drepur okkur ekki gerir okkur svo sannarlega sterkari. Þú sérð ekki fljóta framför í byrjun árs en ekki örvænta, það verða vegleg verðlaun fyrir þína polinmæði og dugnað.

Fjármálin

Krabbin er bara þannig gerður að hann gerir allt sem hann þarf til þess að láta hlutina ganga upp. Hann hefur vissulega þurft að leggja mikið á sig á árinu og vera útsjónarsamur. Hans þrautseigja mun skila sér vel og tækifærin laðast að honum.

Heilsan

Tilfinningar eiga það til að festast í taugakerfinu þannig að eftir mikið andlegt álag þarf að gera upp þessar tilfinningar til þess að ná verkjum sem eru hér og þar í líkamanum. Góð blanda af tímum hjá sálfræðingi og sjúkrabjálfa mun aðstoða þig við að koma líkama og sál í gott jafnvægi.



Ljón

23.07. – 22.08.

Ástin

Virkilega mikil ást og kærleikur hjá Ljóninu. Ef þú ert í sambandi þá blossar upp endurgöldin ást og ef þú ert einstæð/ur þá finnur þú þinn sálufélaga.

Framinn

Aldur er afstæður! Alveg sama hversu fullorðin við erum þá getum við stundum staldrað við og hugsað hvað vil ég verða þegar ég verð orðin stór? Þetta árið langar þig að vinna markvisst að því að finna draumastarfið þar sem þú nýtur þín best.

Fjármálin

Þú munt fjárfesta í einhverju sem mun kalla á óvissu í byrjun, en mun svo skila þér góðum fjárhagslegum ávinningi. Þannig að ef einhver ný tækifæri koma til þín þá mæli ég með því að þú skoðir þau vel.

Heilsan

Það er mikil andleg heilun í kortunum fyrir komandi ár hjá þér. 2021 mun snúast um fyrirgefninguna og svo aðallega að sleppa öllu því sem heldur aftur af þér. Þig langar að byggja upp þínu andlegu hlið og verða sterkari og samkvæmari sjálfum þér.



Meyja

23.08. – 22.09.

Ástin

Það sem er þér ofarlega í huga fyrir komandi ár er hreiðurgerð og að rækta þitt innra barn. Þú ert leið á því að taka lífinu of alvarlega og langar bara að fá að leika þér og hafa gaman. Komdu því til skila við þinn sálufélaga og leikið ykkur saman.

Framinn

Þú ert á hraðri uppleið, þú munt fá nýja vinnu eða einhverja stöðu- og launahækkun í starfi. Vertu ófeimin að gera kröfur því þú ert eftirsótt í því sem þú sérhæfir þig í.

Fjármálin

Ég sé mikla hreiðurgerð þannig að líklegast er heimilisfjárfesting í kortunum hjá þér. Sú fjárfesting verður þó praktísk og hógvær, sem er alveg í þínum anda.

Heilsan

Þú byrjar árið með pompi og prakt. Áramótaheitið þitt gerir þér gott og þú stendur við það. Þú hefur árið með góðri rúttinu sem þróast í breyttan og betri lífsstíl. Mikil áhersla á að huga vel að heilsunni og kveðja slæma siði.

23. apríl
Nýtt tungl

7. maí
Fullt ofurtungl

22. maí
Nýtt tungl

5. júní
Fullt tungl
Tunglmyrkvi -
hálfskuggi

20. júní
Sumarsólstöður



Flest allir bíða spenntir eftir að þessu ári ljúki og sjá fyrir sér að allt verði betra strax þann 01.01.21. Því fleiri sem sjá það fyrir sér þeim mun meiri eru líkurnar á að það verði að veruleika. Ef við höfum ekki von þá höfum við ekki mikið. Lúna Flórens spákona DV leggur spilin á borðið fyrir komandi ár.



Vog

23.09. – 22.10.

Ástin

Þetta árið vill Vogin vera óvenju sjálfselek og velja það sem er best fyrir hana og vanda sig í að búa til svigrúm fyrir sig til þess að huga betur að líkama og sál, því þannig getur hún best gefið áfram.

Framinn

Vogin er ekki vog fyrir ekki neitt, það snýst allt um jafnvægi, þannig líður henni best. Þér mun ganga betur að forgangsraða og sinna þeim störfum sem þér finnast skemmtileg og gefandi. Þegar þú gerir það þá blómstrar þú og tækifærin laðast að þér.

Fjármálin

Allt dettur rólega í farsælan farveg á ný, eftir að hafa haft mjög mikið fyrir því að láta síðasta ár ganga upp, þá fær Vogin að uppskera vinnu sína. Hlutirnir munu koma til hennar mjög auðveldlega um miðbik árs. Gerðu þér stóra drauma fyrir komandi ár!

Heilsan

Vogin kafar enn dýpra í andlegu heimana en þar finnur hún best fyrir jafnvægi, andlegi þátturinn ýtir líka undir líkamlegan styrk. Ég sé fyrir mér mikla jóga- og dansiðkun hjá voginni. Hún má þó gjarnan minnka kaffið.



Bogmaður

22.11. – 21.12.

Ástin

Þú verður eins og unglingur á ný, ástjúkur með fiðrildi í maganum. Enda hefur þú svo mikla ást að gefa. Breyttar aðstæður gefa þér meira svigrúm til þess að sinna þeim málum.

Framinn

Það verða einhverjar breytingar sem eru svo sem ekki neitt nýtt fyrir þetta uppátækjasama kamelljón. Breytingarnar verða hins vegar þannig að það mun léttu verulega á álaginu sem hefur verið hingað til.

Fjármálin

Þú veist vel að það þarf að eyða peningum til þess að búa til peninga. Það getur tekið á taugarnar en þú veist hvað þú ert að gera og ert á réttri braut með það.

Heilsan

Á þessu ári mun Bogmaðurinn styrkja magavöðvana með hláturskasti. Það birtir mikið til hjá honum, hann fær þau töl og svigrúm sem þarf til að byggja sig upp og sinna heilsunni, til þess að verða besta útgáfan af sjálfum sér. Þetta verður hlaupaárið mikla!



Vatnsberi

20.01. – 18.02.

Ástin

Það verða breytingar í þínum sambandsmálum. Breytingar eru góðar þó maður sjái það ekki alveg í byrjun. Gefðu þér góðan tíma í að átta þig á hvað þú vilt í raun og veru og fylgdu hjartanu, þótt það geti verið erfitt.

Framinn

Eftir að hafa aðeins fengið að hitta örfáa í einu á árinu þá sérðu fyrir þér að byggja upp samfélag þar sem fólk kemur saman og styður hvert við annað. Mögulega atvinnutækifæri sem þú munt skapa eða taka stóran þátt í að byggja upp.

Fjármálin

Þú tekur smá áhættu í byrjun árs sem mun ekki alveg ganga að óskum, en ekki örvænta því eitt mun leiða af öðru.

Heilsan

Fyrirgefningin og friðurinn verða þín heilsa á árinu. Það mun koma sjálfum þér á óvart hversu mikil framför verður í þeim málum. En með frið í hjarta munt þú sofa svo miklu betur, sem er mikilvægur heilsuþáttur.

20. júlí
Nýtt tungl

3. ágúst
Fullt tungl

19. ágúst
Nýtt tungl

2. september
Fullt tungl

17. september
Nýtt tungl

22. september
Haustjafndægur

1. október
Fullt tungl

16. október
Nýtt tungl

31. október
Blátt tungl

14. desember
Nýtt tungl
Sólmyrkvi - almyrkvi

21. júní
Nýtt tungl
Sólmyrkvi - hringmyrkvi

5. júlí
Fullt tungl
Tunglmyrkvi - hálfskuggi



Sporðdreki

23.10. – 21.11.

Ástin

Hver hefur tíma fyrir hana? En svo öllu gríni sé sleppt þá mætti Sporðdrekin alveg stundum muna eftir því að sinna ástinni aðeins meira, því þegar upp er staðið þá er hún það eina sem skiptir máli.

Framinn

Sporðdrekin er í stuði til þess að endurskapa sig og þar sem hann er alltaf í viðskiptaham þá ertu mögulega að hugsa um hvernig þú getir umturnað og breytt einhverjum rekstri sem er í þinni umsjón. Fyrirtækja „make-over“ er þitt áramótaheit.

Fjármálin

Fjármálin ganga það vel að þú átt nóg til þess að gefa það áfram, sem þú gerir því þú ert örlátur.

Heilsan

Svasana er orðið þitt fyrir 2021 og fyrir þá sem þekkja minna til jógaheimanna, þá er það hvíldarstaðan í lok tímans. Eftir mörg ár af kapphlaupi þarftu á því að halda. Þú þarft ekki að skara fram úr á öllum sviðum.



Steingeit

22.12. – 19.01.

Ástin

Steingeitin er mjög sjálfstæð og nýtur sín vel þannig. Þetta ár munt þú annað hvort nýta þér vel að vera einstæð, eða finna á ný þitt sjálfstæði í núverandi sambandi.

Framinn

Steingeitin þráir fátt heitara en að finna tilgang sinn á ný. Eftir alla þessa ringulreið þá vill hún rútínu, hún vill finna sér áhugamál eða starf sem hún brennur fyrir. Markmið ársins er að leiðast ekki heldur að finna sér ástríðuverkefni sem mun fylla hjarta hennar og efla sjálfstraustið.

Fjármálin

Þú ert enn þá að byggja þig upp fjárhagslega, en klárlega á réttri braut hvað það varðar, þrátt fyrir að sumar skuldir eða peningaleysi virðist óleysanlegt í byrjun árs. Þú finnur fjárhagslegt öryggi á ný þegar sem líða fer á árið.

Heilsan

Þú hefur gott af því að tileinka þér aðeins hollari lífsstíl. Þú veist svo sem hvað þarf til, en oft er erfitt að finna hjá sér agann. Gerðu þér lítil og raunhæf markmið og þá muntu finna réttu leiðina.



Fiskur

19.02. – 20.03.

Ástin

Mikil og endalaust ást. Þú ert ástfanginn af öllu og öllum. Ef þú ert í sambandi mun það vera mjög farsælt og fallegt. Ef þú ert ekki í sambandi þá munt þú ekki finna það sem þú ert að leita að fyrr en þú hættir að leita...

Framinn

Fiskurinn hefur sjaldan séð hlutina jafn skýrt, hann er óvenju tilbúinn í breytingar og áhættu. Hann vill koma sér í aðstæður sem munu koma honum á óvart og ekki bara festast í flæðinu. Þetta ár hefur reynt fiskinum andlega erfitt og nú vill hann fá að hafa GAMAN.

Fjármálin

Gamlir draumar munu rætast hjá Fiskinum og mikil lukka flæðir allt um kring. Þú munt eiga einn einstakan dag sem mun breyta öllu fyrir þig og opna nýjar dyr. Einn örlagaríkan og sannkallaðan happadag, eitthvað til að hlakka til.

Heilsan

Þú ferð inn í árið með ýmsa kvilla frá líðandi ári en munt svo fljótt byrja að finna fyrir betri líðan eftir hvern mánuð sem líður og smátt og smátt byggirðu þína heilsu upp á nýtt. Með smá þolinmæði muntu finna styrk þinn á ný.

21. desember
Vetrarsólstöður

30. desember
Fullt tungl

Una í eldhúsinu

Una Guðmundsdóttir matgæðingur DV óskar lesendum gleðilegs árs og hvetur landsmenn til þess að eiga fleiri gæðastundir við eldhúsborðið með sínum nánustu á næsta ári.



MYNDIR/ADSENDAR

Ostakaka með trönuberjasósu

Miðast við 5-6 skálar
 200 g McVities súkkulaðikex
 500 ml rjómi
 400 ml rjómaostur
 100 g flórsykur
 1 tsk. kanill
 1 msk. vanilludropar
 70-80 g trönuber
 1 dl appelsínusafi
 2 msk. sykur

Byrjið á mylja kex í skálar – best að setja kexið í matvinnsluvél.

Þeytið rjóma.

Bætið mjúkum rjómaostinum saman við ásamt flórsykri og vanilludropum og blandið vel saman.

Leggið rjómaablönduna yfir kexmúlninginn.

Sjóðið saman í potti við vægan hita trönuber, appelsínusafa, kanil og sykur. Passið að hræra vel í sósunni.

Þegar sósan er farin að þykkna er slökkt undir hitanum.

Sigtið sósunna, þannig að engir kekkir verði eftir, hellið sósunni svo yfir rjómaostblönduna.

Geymist í kæli í 2-3 klst. áður en borið fram.

Verði ykkur að góðu.



Mamma þreytt – freyðandi ginkokteill

Þetta er frábær kokteill með sumarlegu ívafi. Það má vel sleppa gininu og nota áfengislaust freyðivín eða jarðaberja AVA sódavatn fyrir börnin.

Innihald per glas
 1 dl safi úr vatnsmelónu
 2 cl Bleikt gin

1,5-2 dl gott freyðivín Ekki of sætt t.d. Codorniu. Það fæst einnig áfengislaust.

Klakar að vild
 Nokkur trönuber og myntulauf

Byrjið á að mylja niður klaka í glas.

Setjið melónukjöt í blandara og sigtið hratið frá. Þá er kominn safin.

Blandið saman gini og safanum og hrærið varlega saman.


Fyllið upp með freyðivíni.

Skreytið með myntu og trönuberjum.





MYND/GETTY



Súkkulaðibollakökur með kampavínskremi

Senn líður að áramótum og þegar ég fór að hugsa um hátíðlegan eftirrétt sem tekur ekki of langan tíma, datt mér í hug einfaldar, góðar bollakökur sem ekki ætti að vera erfitt að leika eftir. Til þess að gera þær aðeins öðruvísi en vanalega ákvað ég að setja smá kampavín saman við smjörkremið. Á toppinn setti ég svo fallegar lakkris konfektkúlur frá HR konfekt, en það kæmi einnig vel út að setja smá matar-glimmer eða annað skraut, svo sem ártalið í pappa-skrauti.

Sigtið saman við blönduna kakó og flórsykur.

Blandið næst öllum hinum hráefnunum saman við og hrærið vel.

Setjið um 2 msk. í hvert form.

Bakið í um 16-18 mínútur.

Takið kökurnar út og leyfið þeim að kólna áður en kremið er sett á þær.

Vanillukrem með kampavínsbragði
500 g smjör (mjúkt)
500 g flórsykur
2 tsk. vanilludropar
1 dl kampavín eða freyðvín

Hrærið saman smjör og flórsykur.

Bætið vanilludropum saman við.

Bætið freyðvíninu saman við að lokum og hrærið varlega.

Það er frábært að setja kremblönduna í sprautupoka og sprauta því fallega ofan á hverja köku og setja svo fallega konfektkúlu á toppinn.

Bollakökur
260 g hveiti
180 g sykur
6 msk. bökunarkakó
1 tsk. salt
1 tsk. matarsóði
3 egg
2 tsk. vanilludropar
160 ml olía
200 ml kalt vatn

Byrjið á að stilla ofninn á 180 gráður.

Þeytið saman egg og sykur þar til blandan verður létt og ljós



Espresso martini

Espresso martini er hátíðlegur drykkur og tilvalinn til að bjóða upp á eftir matinn – sérstaklega ef hugmyndin er að vaka lengi þar sem drykkurinn inniheldur kaffi. Nýlegar hefur þó Flat White martini einnig verið að riðja sér til rúms en þá er notað Bailey's sem gerir drykkinn rjómakennari.

Espresso martini
50 ml Kahlúa
25 ml vodka
25 ml espresso
10-20 ml sykursýróp
Kaffibaunir
Ísmolar

Eða Flat-white martini
50 ml Baileys Original Irish Cream
25 ml vodka.
25 ml espresso.
Kaffibaunir
Ísmolar

Sama aðferð fyrir báðar útgáfur

Kælið kokteilglasið.

Setjið öll hráefnin í kokteilhristar-



ann og hristið með ísmolum í 10 sekúndur svo að drykkurinn nái að bindast og mynda þykka froðu sem einkennir góðan espresso martini.

Hellið kokteilinum í kallt glasið.

Skreytið með kaffibaunum og berið fram.

UPPGJÖR Á FURÐULEGU FÓTBOLTAÁRI

COVID-19 veiran hefur haft gríðarleg áhrif á íþróttalíf í heiminum þetta árið. Það tók tíma að skipuleggja leikárið upp á nýtt með tilliti til veirunnar, áður en boltinn gat tekið að rúlla á ný. Þegar loks kom grænt ljós frá yfirvöldum var flautað til leiks með breyttu sniði og án áhorfenda. Boltasérfræðingar landsins völdu það sem þeim fannst standa upp úr í fótboltanum á árinu.

EVA BJÖRK BENEDIKTSDÓTTIR ÞRÓTTAFRÉTTAKONA Á RÚV

„Það sem stendur helst upp úr, eftir þetta annars stórunarlega ár, er að kvennalandsliðið hafi komist á fjórða stórmótið í röð. Mómentið fékk kannski ekki að njóta sín jafn vel og ella, þar sem þær fara inn eftir að úrslit í öðrum leikjum voru ljós, en ekki beint eftir sinn sigur gegn Ungverjum. Virkilega gaman að sjá hvað yngri og reynsluminni leikmenn voru að fá stór hlutverk. Þær hafa líka góðan tíma til að aðlagast enn betur þar sem það er enn töluvert langt í þetta mót og ég hef fulla

trú á þessu liði á EM í Englandi. Líka að U21 karlaliðið hafi sömuleiðis komist á EM – stóðu sig vel í undankeppninni og framtíðin er augljóslega björt bæði karla- og kvennamegin. Það sem hins vegar situr mest í manni er þessi martröð sem leikur karlalandsliðsins gegn Ungverjalandi í úrslitunum um EM-sætið var. Ég man ekki eftir því að hafa verið jafn slegin yfir fótbolta og þegar við fengum seinna markid í andlitið í uppbótartíma. Ég held að stór hluti þjóðarinnar hafi ekki sofði vel þá nótt.“



MYND/ADSEND



MYND/ADSEND

HÖRÐUR MAGNÚSSON KNATTSPYRNULÝSANDI HJÁ VIAPLAY

„Í mínum huga gnæfir yfir á knattspyrnuárinu 2020 Englandsmeistaratitill Liverpool. Að Jürgen Klopp skyldi stýra liðinu til sigurs eftir 30 ár, er eitt af mestu afrekum síðustu áratuga. Pressan sem hefur verið á félaginu á þessum tíma jókst og jókst. Liðið hafði á þessum tíma unnið fullt af öðrum titlum m.a. Meistaradeildina tvívegis og leikið í fjórum úrslitaleikjum í Meistaradeildinni. En þetta var sá sem

vantaði. Þetta var líka gert með slíkum stæl og yfirburðum að annað eins hefur ekki sést. Þetta lið er eitt það sterkasta í sögu félagsins, ef ekki það sterkasta. Blanda af ungum leikmönnum ásamt tiltölulega óþekktum eins og Andy Robertson. Klopp hefur byggt þetta upp á snilldarlegan hátt. Alls ekki með mesta fjármagnid, langt frá. Einstakt afrek og liðið mun halda áfram á sömu braut á næstu árum.“

MAGNÚS MÁR EINARSSON RITSTJÓRI FÓTBOLTA.NET

„Á einkennilegu fótboltaári stóð það upp úr fyrir mér að sjá Liverpool verða enskan meistara eftir 30 ára þrautagöngu. Það að liðið hafi tryggt titilinn á sumarkvöldi í júní, þar sem liðið var ekki einu sinni að spila, lýsti því ágætlega hversu mikið rugl þetta fótboltaár var. Liverpool tók líka á móti titlinum án áhorfenda á Anfield. 30 ára bið eftir titlinum og svo var ekki hægt að fagna honum. Bilun! Vonandi fáum við eðlilegru mót, áhorfendafjölda og meiri stemningu í fótboltanum innanlands sem utan árið 2021.“

VÍÐIR SIGURÐSSON BLAÐAMAÐUR Á MORGUNBLAÐINU

„Frammistaða Söru Björk Gunnarsdóttur er það sem stendur upp úr á knattspyrnuárinu 2020. Þýskur meistari, þýskur bikarmeistari, franskur bikarmeistari og loks Evrópumeistari með Lyon, þar sem hún skoraði í úrslitaleik Meistaradeildarinnar gegn sínu gamla félagi, Wolfsburg. Sara vann með þessu einstakt afrek í knattspyrnusögu Íslands, og á þessu sama ári fór hún fyrir íslenska landsliðinu sem tryggði sér sæti í lokakeppni EM í fjórða skiptið í röð.“

INGVI ÞÓR SÆMUNDSSON BLAÐAMAÐUR Á VÍSI.IS

„Þegar Sara Björk Gunnarsdóttir varð fyrst íslenskra kvenna til að verða Evrópumeistari og gulltryggði sigur Lyon á gamla liðinu sínu, Wolfsburg, í úrslitaleik Meistaradeildarinnar. Árið 2020 hjá Söru er eitt besta ár íslensks íþróttamanns í sögunni. Að fara úr næstbesta liði heims í besta lið heims og vinna allt sem hægt er að vinna. Og bæta leikjameitið hjá kvennalandsliðinu og hjálpa því að komast á fjórða Evrópumótið í röð. Það er varla hægt að gera mikið betur.“

BENEDIKT BÓAS HINRIKSSON BLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐINU

„Valur 2020 – Heimur Guðjónsson kom í byrjun tímabilsins til okkar í hlaðvarp Vals, Vængjum þandir, og sigraði hjórtu og hug. Hann kveikti þennan neista sem hafði horfið árinu áður. Eftir brösuga byrjun kom sigurinn gegn Kópavogspiltum og eftir það varð þetta aldrei spurning. KR sigurinn úti, 4-5 var einn af leikjum sumarsins og fyrri hálfleikurinn gegn Stjórnunni, hljóta að teljast til bestu 45 mín. sem íslenskt lið hefur spilað. Það var ótrúlegt að horfa upp á og hlusta á Henry Birgi í lýsingunni. Hann skilaði því heim í stofu hvað þetta var ótrúlegt. Vonandi verður þessi fyrri hálfleikur gefinn út. Sjóðheitar 45 mín. í ísskápnum. Það yrði bestseller.“

KRISTJANA ARNARSDÓTTIR ÍÞRÓTTAFRÉTTAKONA Á RÚV

„Þrátt fyrir afar sérstakt fótboltaár er þó hægt að taka til mörg frábær afrek. Liverpool varð loksins Englandsmeistari eftir margra áratuga bið, U-21 árs landslið karla komst á EM og kvennalandsliðið sömuleiðis. Það sem stóð upp úr hjá mér á árinu er árangur okkar bestu fótboltakvenna. Leikmenn kvennalandsliðsins hafa tekið stórstígum framförum og þá sér í lagi ungu leikmennirnir. Sveindís Jane Jónsdóttir sýndi það til dæmis á árinu að hún er okkar framtíðarstjarna og Alexandra Jóhannsdóttir spilaði eins og hún hefði verið í mörg ár í A-landsliðinu. Ingibjörg Sigurðar-

dóttir var valin besti leikmaðurinn í Noregi og Glódís Perla Viggósdóttir átti enn eitt frábært árið í Svíþjóð. Áhuginn á kvennaknattspyrnunni er alltaf að aukast og samhlíða því eru stelpurnar okkar að fá tækifæri í atvinnu-mennsku. Sara Björk Gunnarsdóttir sýndi það svo í enn eitt skiptið að hún er ein besta fótboltakona heims. Að vinna Meistaradeildina með Lyon, sem er auðvitað eitt besta félagslið heims, er eitthvað sem allar fótboltastelpur dreymir um. Ég held allavega að þjóðin geti farið að setja sig í girinn fyrir EM 2022, þar eiga okkar konur eftir að gera góða hluti.“



MYND/KSÍ

EINAR ÖRN JÓNSSON
ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR
Á RÚV

„Mér finnst standa upp úr að kvennalandsliðið okkar tryggði sig inn á EM án þess að þurfa í umspil. Það er meira en að segja það að halda sér á þessu leveli og virkilega vel gert hjá þeim. Auðvitað líka gaman að sjá guttana í U21 gera það sama og sem Valsari var titillinn sætur, þó hann sé spes þetta árið.“

GUNNAR BIRGISSON
ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR Á RÚV

„Það sem stendur upp úr á þessu knattspyrnusumri er í raun og veru bara þessi fordæmalaus staða sem að myndaðist nánast í hverri einustu viku. Lið í sóttkví, einstaka leikmenn í sóttkví, smitaðir leikmenn, frestaðir leikir og allt endar þetta með að tímabilið hér heima er blásið af. Auðvitað er erfitt líka að komast hjá því að nefna frábæran árangur íslenska kvennalandsliðsins, en aftur á móti súmmeruðu síðustu tíu mínúturnar í leik íslenska karlalandsliðsins gegn Ungverjalandi ytra, í raun og veru þetta ár bara í heild sinni.“

HJÖRVAR HAFLIÐASON DR. FOOTBALL

„Stærsta augnablikið árið 2020 var þegar HK vann sinn fyrsta deildarsigur í Vesturbænum á KR, 0-3. Á falletum júnidegi, ekki bara það að þeir hafi unnið leikinn heldur rúlluðu þeir yfir KR. Ungstirnir, Valgeir Valgeirsson, var frábær. Þetta var magnaður

dagur og allt sem maður vildi sjá í fótbolta, skemmtilegur leikur. Það sem mikilvægast var, það voru áhorfendur. Annar hápunktur er að stórt lið í Englandi keypti fullorðinn íslenskan leikmann, þegar Arsenal fékk Rúnar Alex Rúnarsson.“

BÁRA KRISTBJÖRG RÚNARSDÓTTIR ÞJÁLFARI Í SVÍPJÓÐ

„Þrátt fyrir ótrúlega skrítið fótboltaár voru nokkur atriði sem stóðu upp úr fyrir mig. Eitt af því var að Liverpool skyldi verða enskur meistari. Þrátt fyrir að stuðningsmenn annarra liða vilji setja stjörnu fyrir aftan þennan titil, þá er hann alveg jafn sætur fyrir okkur stuðningsmenn Liverpool, enda langbráður. Þegar Sara Björk skoraði í úrslitaleik Meistaradeildarinnar fyrst Íslendinga er svo annað

sem stóð upp úr á árinu að mínu mati. Eiður Smári hefur náttúrulega unnið Meistaradeildina með Barcelona, en þetta mark hennar í þessum úrslitaleik gegn hennar gamla félagi sem hún spilaði með framan af í keppninni, var ótrúlega magnað augnablik. Þetta mark og þessi Meistaradeildartitill Lyon tekur verðskuldað pláss í íslenski knattspyrnusögu.“



MYND/ABSEND



SVAVA KRISTÍN GRÉTARSDÓTTIR
ÍÞRÓTTAFRÉTTAKONA Á STÖÐ2

„Íslensk kvennaknattspyrna stóð að mínu mati upp úr á árinu. Að fá að fylgjast með okkar bestu konu, Söru Björk Gunnarsdóttur, verða Evrópumeistara með Lyon og skora í úrslitaleiknum, var stórkostlegt. Elísabet Gunnarsdóttir náði langbráðu markmiði sínu sem þjálfari, að koma Íslendingaliði Kristianstad í Meistaradeildina. Sveindís Jane Jónsdóttir vann hug og hjörta knattspyrnuáhugamanna, óþekkt nafn í upphafi árs, varð markadrottning í Pepsi Max deildinni og lauk árinu sem lykilmáður í íslenska landsliðinu. Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoraði 5 mörk í jafnmörgum leikjum fyrir AC Milan, Ingibjörg Sigurðardóttir best í Noregi. Ísland á EM. 2020 var geggjað ár fyrir íslenska kvennaknattspyrnu og við getum verið stolt af Stelpunum okkar.“

ELVAR GEIR MAGNÚSSON
RITSTJÓRI FÓTBOLTA.NET

„Þrátt fyrir nokkrar, stórar stundir verður fótboltaárinu 2020 þegar upp verður staðið því miður helst minnst sem tímabilinu þar sem COVID-19 setti allt í rugl. Sífelldar stöðvanir, áhorfendabann, heilu liðin í sóttkví, leikir Íslandsmótsins ekki kláraðir og kærur mál í kjölfarið. Hverjir urðu bikarmeistarar 2020? Þessi spurning verður líklega ofnotuð í spurningaleikjum framtíðarinnar.“

Airpop Light SE öndunargríma



- Gríman er létt og situr vel á andlitinu
- Hindrar móðumyndun upp á gleraugu
- Það er léttara að anda í gegnum Airpop Light SE en hefðbundnar grímur
- Hægt að nota í allt að 40 klist (samtals notkun)
- Endurlokanlegar umbúðir til að geyma hana milli þess sem þú notar hana



3M**PELTOR™**

3M™ PELTOR™ WS™ ALERT™ XPI

Heyrnarhlíf með Bluetooth® MultiPoint tækni. Þráðlaus tenging við 2 Bluetooth tæki, FM útvarp og umhverfishljóðnemi.

Þú getur hlustað á tónlist og tekið við símtölum í mjög hávaðasömu umhverfi.

ALLAR STILLINGAR Í SÍMANUM

Í þessari nýjustu útgáfu af Peltor WS Alert XPI getur þú breytt stillingum með smáforriti í annaðhvort Android eða iOS snjalltækjum.

Nýttu þér QR kóðana hér að neðan til að ná í 3M™ Equipment smáforritið fyrir þitt snjalltæki.



Equipment



iOS



Android



SAND KORN



MYND/ANTON BRINK

Skiptidíll

Mikið er skrafað við kaffivélar landsins um að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hafi nú aukið völd sín innan stjórnarinnar til muna með því að gera ekki kröfu um að stjórnarsamstarfi meirihlutans verði slitið í kjölfar Ásmundarsalarheimsóknar Bjarna Ben fjármálaráðherra. Vilja þeir sem þekkja til meina að Katrín sjái sér leik á borði með því að kalla ekki eftir afsögn Bjarna. Slík vinahót gætu rýmkað til fyrir Hálandisþjóðgarðsumræðu Vinstri grænna og stíflað söluna á Íslandsbanka.



MYND/ERNIR

Stjörubörn 2021

Fræga fólkið virðist ætla að fjölga sér fallega á komandi ári. Sólmundur Hólm og Viktoría Hermannsdóttir eiga von á sínu fimmta barni. Gylfi Þór Sigurðsson fótboltamaður og Alexandra Ívarsdóttir kona hans eiga von á sínu fyrsta barni. Sjónvarpshetjan Auðunn Blöndal og Rakel Þormarsdóttir eiga von á sínu öðru barni. Einkahljálfarinn Egill Einarsson, betur þekktur sem Gillz, á von á sínu öðru barni með sambýliskonu sinni Gurrý Jónsdóttur. Jónas Már Torfason, sonur Ólmu Möller landlæknis, og kærasta hans Andrea Gestsdóttir eiga von á tvíburum á næsta ári en það eru fyrstu barnabörn Ólmu Möller. ■

Um leið og við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, þökkum við viðskiptin á árinu sem er að líða. **Gleðilega hátíð.**



Gleðilegt ár, gæskur!

LOKI